

## Forysta ASÍ þarf að íhuga stöðu sína

Margir forystumenn verkalýðshreyfingarinnar eru ekki sáttir við forystu Alþýðusambandsins. Fyrsti maí einkenndist af ósætti og varpaði það skugga á hátíðarhöldin. Kallað er eftir meiri samstöðu.

**KJARAMÁL** Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, telja að núverandi forysta Alþýðusambandsins þurfi að íhuga stöðu sína. Hún sé að fjarlægjast hinn almenna félagsmann.

„Ég hef verið spurður að því hvort það væri klofningur milli VR og ASÍ, en þetta er klofningur forystu ASÍ frá fólkinu í landinu,“ segir Ragnar.

„Eftir hrun er verið að reisa fjármálakerfið á nákvæmlega sömu brauðfótum og það hrundi á. Það hefur ekki verið hlustað á fólkið sem vill breyta þessu kerfi. Staða baráttunnar er sú að við erum ofboðslega stór og öflug hreyfing og virðumst ekki vera að nýta okkur samtakamáttinn og stærð okkar nægilega vel til að koma okkar baráttumálum fram.“

Dagskrá verkalýðsdagsins í ár var með öðru móti en undanfarin ár þar sem tveir kröfufundir fóru fram í miðbænum, eins og fram hefur komið. Ragnar tók þátt á fundinum sem ASÍ stóð ekki fyrir og sakaði ASÍ um blekkigaleik.

„Þegar forseti ASÍ er að gera lítið úr völdum sínum og aðkomu er það brotlegt miðað við það sem ég hef orðið vitni að síðustu átta ár í stjórn VR,“ útskýrir Ragnar.

Vilhjálmur Birgisson tekur undir með Ragnari um að forysta ASÍ standi höllum fæti. Honum finnst vanta meiri kraft í verkalýðshreyfinguna. „Mér finnst hún hafa fjarlægst almenna félagsmenn. Hún þarf að fara í ítarlega naflaskoðun.“

Ellen Calmon, formaður Öryrkjandalags Íslands, hélt erindi á sama

Þegar forseti ASÍ er að gera lítið úr völdum sínum og aðkomu er það brotlegt miðað við það sem ég hef orðið vitni að.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



fundu og Ragnar eftir að hafa verið neitað um að tala á baráttufundum þann 1. maí frá því að hún tók við stöðu sinni, árið 2013. „Ég ætla nú ekki að úttala mig um forystu ASÍ. En mér finnst óeðlilegt að forystufólkið í baráttu fyrir bættum kjörum örorkulífeyrisþega fái ekki að tala 1. maí. Það þekkest á Norðurlöndum að systurfélög okkar þar fái að taka þátt. Það er verið að útiloka ákveðinn hóp.“

Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins, telur að ef ósætti ríki um forystuna ætti að fylgja verklagi og láta það í ljós í kosningum. „Það er ársþing á tveggja ára fresti og formannafundur þess á milli. Þar er forysta ASÍ kosin og ég held að rétti vettvangurinn sé þar ef á að breyta til. Ef fólk vill ekki þessa forystu þá verður að kjósa nýja.“

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, telur að innan ASÍ megi fara yfir málin og verklagið. „Það þarf meiri hlustun og skilning á almennum félagsmönnum. Að mörgu leyti erum við á réttri leið en auðvitað má alltaf bæta eitthvað.“ saeunn@frettabladid.is



Eins og hellt úr fötu Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að um þrjú til fjögur þúsund manns hafi mætt í 1. maí gönguna í gær, sem hann segir nokkuð dræma mætingu miðað við undanfarin ár. Gylfi skellti skuldinni á veðurguðina, en úrhellisrigning var í gær og Íslendingar vel dúðaðir á sjálfum baráttudegi verkalýðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Líklegustu arftakar Ólafar í varaformannsembætti

**STJÓRN MÁL** Sjálfstæðismenn velja sér nýjan varaformann á landsfundum í haust. Nú þegar er farið að huga að því hverjir séu líklegastir til að taka við embættinu. Krafa er um að forysta flokksins sé breið svo höfða megi til sem fjölbreyttast hóp kjósenda. Síðustu þrjú varaformenn flokksins hafa verið konur.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari flokksins, hefur



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

formlega gegnt varaformannsembættinu eftir andlát Ólafar Nordal í febrúar. Nafn Áslaugar er oft nefnt þegar vangaveltur vakna um næsta varaformann. „Mér finnst ekki orðið tímabært að vera með einhverjar vangaveltur um þetta. Það er ekki komin dagsetning á landsfund,“ segir Áslaug.

Heimildir Fréttablaðsins herma að hræringar og mikill áhugi á



Guðlaugur Þór Þórðarson

starfinu í hverfisfélögum í Reykjavík bendi til þess að spennan sé fyrir Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra. Guðlaugur þykir þó því marki brenndur að við hlið Bjarna Benediktssonar sem formanns væri ásýnd flokksins einsleit og ekki nútímaleg.

Nafn Þórdísar Kolbrúnar Reykjarfjörð Gylfadóttur iðnaðarráðherra ber hins vegar



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

hæst þessa dagana. Verði stuðningsmönnum hennar að ósk sinni væri Þórdís fyrsti varaformaður flokksins af landsbyggðinni í ríflega fjórutíu ár. Þórdís þykir hafa mikinn meðbyr með sér núna. Hún sé flekklaus ung kona sem geti sameinað ólíkar fylkingar flokksins og hafi góð tengsl við fulltrúa mikilvægustu atvinnuvega landsins. – snæ / sjá síðu 8

### Fréttablaðið í dag

**SPORT** Hinir fjórir fræknu í körfuboltanum hjá KR. **12**

**LÍFIÐ** „Træbið“ Regnboga stríðsmenn er hópur stofnaður af Brynjari Oddgeirssyni eftir að hann fann fyrir mikilli neikvæðni í heiminum. **22**

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • FÓLK**  
• BÍLAR • FASTEIGNIR

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Vinningar í hverri viku - Hapdrætti DAS

Vikulegir útdrættir

Mestu vinningslíkurnar - skynsamlegasti kosturinn


► Nýtt hapdrættisár hefst í maí



Kauptu miða á [das.is](http://das.is) eða í síma 561 77 57



## Veður



Horfur á hvassri suðaustanátt með rigningu og súld, en úrkomulítið fyrir norðan og austan. Hlýnandi veður, allt að 17 stiga hiti fyrir norðan. **SJÁ SÍÐU 16**



**Snorri Birgisson, yfirmaður mansalsteymis lögreglunnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Gátu ekki staðfest grun um mansal

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu tókst ekki að sannreyna sögu tveggja manna frá Rúmeníu, sem komu hingað til lands í byrjun apríl. Mennirnir gáfu sig fram við Rauða krossinn strax við komuna til landsins og greindu frá því að þeir væru seldir hingað vinnumansali og hugsanlega í kynlífsþrállkun. Mennirnir voru báðir á þrítugsaldri.

Fréttablaðið greindi frá málinu fljótlega eftir komu þeirra en þá kom fram að mennirnir hefðu sagst hafa orðið fyrir grófu ofbeldi og verið sendir hingað þar sem hefði átt að gera þá enn frekar út. Þeir hefðu með nokkrum naumindum sloppið frá einstaklingnum sem átti að sækja þá við komuna til landsins en kunnu ekki skil á viðkomandi og gátu ekki gefið upp neinar frekari upplýsingar um hvernig mætti hafa samband við hann.

Snorri Birgisson, sem fer fyrir mansalsteymi lögreglunnar, segir að lögreglunni hafi ekki tekist að sannreyna neitt af því sem mennirnir sögðu. Lögreglan hafi í raun lent í blindgötu með málið og ekki verið adhafst frekar í því.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst fóru mennirnir af fúsum og frjálsum vilja af landi brott fyrir skömmu. – **snæ**

## Útlagar í hópkeyrslu



Að venju stóðu Sniglar, bifhjólasamtök lýðveldisins, fyrir hópkeyrslu bifhjólamanna þann 1. maí. Keyrslan fór fram í þrítugasta sinn og um þrjú hundruð mótörhjólamenn tóku þátt í þetta skiptið. Bifhjólamenn eru allir boðnir velkomnir og að þessu sinni mættu nokkrir meðlimir mótörhjólagengisins Outlaws. Ekki voru allir á eitt sáttir með veru þeirra á svæðinu, þar sem um forvarnardag er að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fámennt á fundi Gunnars Smára

**FJÓLMIDLAR** Gunnar Smári Egilsson, útgefandi Fréttatímans, boðaði starfsmenn til fundar á sunnudag. Enginn þeirra starfsmanna sem fréttastofa náði sambandi við mætti á fundinn.

Enn er staðan varðandi laun óbreytt samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en eins og greint hefur verið frá fékk helmingur starfsmanna ekki greidd laun þann 1. apríl síðastliðinn og ekki varð heldur af því um þessi mánadamót.

Síðasta tölublað kom út þann 7. apríl síðastliðinn. Gunnar Smári, sem leiddi hóp sem keypti útgáfufélag Fréttatímans síðla árs 2015, hætti afskiptum af útgáfunni í byrjun apríl. Þóra Tómasdóttir, annar ritstjóri Fréttatímans, segir að félagið sé nú farið í þrot og því megi ekki reikna með því að starfsfólk fái greitt fljótlega. – **sg**

# Vinstriblokkinn með hæstu flokksgjöldin

Engin flokksgjöld eru rukkuð hjá Viðreisn en Björt framtíð býður upp á valkvæðar greiðslur. Flokksmenn VG í Reykjavík þurfa að borga langhæstu flokksgjöldin en nýstofnaður Sósíalistaflokkur lagði í gær á ein hæstu félagsgjöldin.

**STJÓRN MÁL** Á stofnfundi Sósíalistaflokks Íslands í gær samþykktu fundargestir að árgjald meðlima yrði 4.000 krónur. Flokksgjald starfandi stjórnmalaflokka er nokkuð misjafnt en flestir segja flokkarnir að gjöldin séu valkvæð og enginn verði gerður brottrækur úr stjórnmalaflokknum við að hunsu kröfuna þegar hún berst í heimabankann.

Hæstu flokksgjöldin má finna hjá Vinstri grænum í Reykjavík. Svæðisfélög flokkanna leggja misháar fjárhæðir á meðlimi sína en hjá Vinstri grænum í Reykjavík, sem er stærsta aðildarfélag flokksins, er valkvæð greiðsla 5.000 krónur.

Flokksgjald annarra svæðisfélaga VG er allt frá 1.500 krónum á ári en svo tíðkast að kjörnir fulltrúar flokksins, á landsvisu og í sveitarstjórn, greiði svokallaða tíund eða hlutfall tekna sinna, sem þeir afla vegna pólitískra starfa, til flokksins.

Að hámarki mega einstaklingar styrkja stjórnmalaflokka um 400 þúsund krónur á ári.

Samfylkingin hefur svipað háa greiðslu og hinn nýstofnaði Sósíalistaflokkur Íslands. Meðlimum Samfylkingarinnar í Reykjavík hefur borist krafa í heimabanka upp á 3.990 krónur.

Stuðningur Pírata við flokk sinn er einnig valkvæður en miðast við 3.500 króna árgjald. Eins og í öðrum flokkum tíðkast ekki að ganga hart á eftir þeim sem ekki borga hjá Pírötum. „Fólk getur verið félagsmenn óháð því hvort það greiðir þessa valfrjálsu greiðslu eða ekki. Við viljum ekki hindra aðgang neins að flokknum,“ segir Sigríður Bylgja



Á stofnfundi Sósíalistaflokks Íslands í gær samþykktu félagsmenn að flokksgjöldin yrðu 4.000 krónur á ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Þú getur í prinsippinu verið aðili að mörgum félögum en þú ert aldrei þvingaður til að greiða í nema eitt félag.**

Þórður Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins.



Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata.

Björt framtíð sker sig úr öðrum flokkum en þar er valkvæð greiðsla flokksmanna mánaðarleg. Þannig geta flokksmenn valið að greiða ekkert eða lagt inn upphæð, allt að 400 þúsund krónum, á ári. Framkvæmdastjóri Bjartrar framtíðar segir aldrei

lagt mikið upp úr því að rukka gjaldið enda sé um frjáls framlög að ræða.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru engin flokksgjöld rukkuð hjá Viðreisn.

Í Sjálfstæðisflokknum sjá kjördæmaráð og önnur félög flokksins um að rukka inn félagsgjöld. Þau nema frá 1.500 krónum til 2.500 króna. Þórður Þórarinnsson, framkvæmdastjóri flokksins, segir að innan við helmingur félaga flokksins leggi á félagsgjald. „Þú getur í prinsippinu verið aðili að mörgum félögum en þú ert aldrei þvingaður til að greiða í nema eitt félag. Sumir borga kannski í tvö en ég held að það sé fátítt.“

Ekki náðist tali af Einari Gunnari Einarssyni, framkvæmdastjóra Framsóknarflokksins, en eftir því sem næst verður komist eru ekki rukkuð félagsgjöld hjá flokknum.

snaeros@frettabladid.is

Traust og örugg þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga



www.simafelagid.is

**Símafélagið**



# Galaxy S8

Undratækið er lent í verslunum Nova



**TÖLUM  
SAMAN**

Ótakmarkaðar mín.  
og SMS í alla farsíma og  
heimasíma á Íslandi fylgir!

**Samsung Galaxy S8 64 GB**

**119.990 kr.** stgr.

Galaxy S8+ **129.990 kr.** Væntanlegur

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is)

**NOVA**



# Sigmundur Davíð þarf að flytja ef hann vill Reykjavík

**STJÓRN MÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þingmaður er ekki kjörgengur í Reykjavík. Í Fréttablaðiðinu í gær var greint frá því að áhrifafólk innan Framsóknarflokksins hvetti Sigmundur nú til þess að leiða lista Framsóknarmanna í Reykjavík í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Sigmundur er með lögheimili á Hrafnabjörgum 3 á Egilsstöðum. Hann hefur þó ekki raunverulega búsetu þar en færði lögheimili sitt

þangað þegar til stóð að hann byði sig fram í Norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 2013. Sigmundur Davíð er oddviti Framsóknarflokksins í kjördæminu.

Í frétt Fréttablaðsins í gær sagði Sigmundur að hann gerði ráð fyrir því að halda sig við landsmálin þrátt fyrir að málefni borgarinnar væru einnig áhugaverð og mikilvæg. „Það er ekkert launungarmál að málefni sveitarfélaganna og skipulagsmál skipa stóran sess

í mínum huga, en þau eru líka nátengd landsmálunum og það er fjölmargt annað á sviði landsmálanna sem mér finnst mikil þörf á, og tækifæri til, að bæta,“ segir Sigmundur.

Fari svo að Sigmundur færi lögheimili sitt aftur að heimili sínu er hann þó ekki heldur kjörgengur, þar sem hann er búsettur í Garðabæ. Í lögum um kosningar til sveitarstjórna segir að hver sá sé kjörgengur í sveitarstjórn sem hafi

kosningarétt í sveitarfélaginu en það hefur Sigmundur ekki.

Oddviti Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík núna er Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir. Í samtali við Fréttablaðið segist hún ekki vera búin að ákveða hvort hún gefi kost á sér aftur á lista. Hún ætli sér að taka ákvörðun um og eftir sumarið. Hið sama gildir um Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur, sem er í öðru sæti listans. Hún tekur ákvörðun með sumrinu. – snæ



Sigmundur Davíð er búsettur í Garðabæ en er með lögheimili á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Maduro hækkar lágmarkslaun

**VENESÚELA** Nicolas Maduro, forseti Venesúela, skipaði í gær fyrir um hækkun lágmarkslauna. Þetta tilkynnti hann í vikulegu sjónvarpsávarpi. Þeir tekjulægstu í landinu eiga von á sextíu prósent hækkun.

„Við erum við völd til að sjá um verkamenn – ekki til að hlúa að auðjörum,“ sagði Maduro. Í kjölfarið afhentu embættismenn hundruð lykila að nýjum félagsbúðum.

Hækkunin er sú þriðja á árinu. Samlandar Maduros hafa mótmælt í borgum landsins undanfarið og hafa tugþúsundir safnast saman á götum úti. Nærri þrjátíu hafa látist.

Verðbólga í Venesúela hefur verið gífurleg og vara gagnrýnendur Maduros við að hækkunin muni auka hana enn frekar. – þea



Nicolas Maduro, forseti Venesúela

## Slitnar upp úr Yakuza

**JAPAN** Lykilmeðlimir Yamaguchi-gumi, Kobe-kafla og stærsta hóps japönsku Yakuza-mafiunnar, hafa sagt sig úr samtökunum til að stofna skipulögð glæpasamtök, samkvæmt japönskum miðlum. Vitnað er í nafnlausan meðlim sem er ósáttur við hvernig staðið er að fjármálanum.

Um 23.000 meðlimir eru í Yamaguchi-gumi en um 60.000 í Yakuza á landsvisu. Samtökin eru ekki ólögleg en sögð afla tekna ólöglega, með fjárhættuspilum, vændi og fikniefnasmugli. Lögreglan varar við mögulegu ofbeldi vegna þessa.

Segja meðlimirnir fyrrverandi að nýju samtökin muni heita Ninkyo Dantai Yamaguchi-gumi. Þá muni Yoshinori Oda, sem var lykilmaður í Yakuza, verða talsmaður þeirra. – þea

# Hækkun húsnæðisverðs tekur fram úr hækkun leiguverðs

Húsnæðisverð hækkadi um 19 prósent á síðastliðnu ári en leiguverð um 10,3 prósent. Fyrstu kaupendur eru orðnir stór hópur og fer fjölgandi. Verðhækkun í hverfum Reykjavíkur var mest í Hóla- og Seljahverfi í Breiðholti. Ungt fólk leitar meira til byggða utan höfuðborgarsvæðisins, en þar hefur líka orðið hækkun.

**FASTEIGNIR** Húsnæðisverð hefur hækkad umtalsvert umfram leiguverð á síðastliðnu ári. Íbúðaverð hækkadi um 19 prósent að raungildi á tímabilinu mars 2016 til mars 2017, á sama tíma hækkadi leiga um 10,3 prósent. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Reykjavík Economics um húsnæðismarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu sem unnin var fyrir Íslandsbanka. Hún var kynnt að hluta til á fræðslufundi Íslandsbanka um húsnæðismarkaðinn í síðustu viku. Skýrslan verður birt í lok vikunnar.

Ef ástandið á leigumarkaði er skoðað kemur í ljós að leigusamningum hefur sömuleiðis fækkað á tímabilinu. Leiguverð hækkadi um 68,1 prósent frá byrjun árs 2011 til loka desember 2016. Verðlag hækkadi um 21 prósent á sama tíma. Sérþýli hækkadi um 18,2 prósent í verði á tímabilinu og fjölþýli um 19,3 prósent.

Hæsta meðalverð á fermetra er í miðborginni eða innan Hringbrautar. Verðhækkun í hverfum Reykjavíkur var mest í Hólahverfi, eða um 19 prósent, og Seljahverfi kemur næst á eftir með um 18 prósent hækkun.

Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, segir það eftirtektarverðast í skýrslunni hversu mikið íbúðaverð hefur hækkad í Reykjavík og að það komi á óvart hvaða svæði þar hafi hækkad mest.

Stór hópur ungs fólks er á leið inn á húsnæðismarkaðinn og einnig fer fyrstu kaupendum fjölgandi á markaðnum. Meðalaldur þessa hóps er 32 ár. „Fyrstu kaupendur eru nú þrið-



Una Steinsdóttir segir það hafa komið á óvart hversu stór og fyrirferðarmikill hópur fyrstu kaupendur eru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ungur útlánahóps okkar, og voru með fjórðung allra kaupsamninga í fyrra,“ segir Una, sem segir hópinn stærri en hún átti von á. „Þá skapar aðflutningur fólks til landsins eftirspurn eftir húsnæði,“ segir hún.

„Það skýrir áhersluna sem við höfum verið að leggja á þennan kaupendahóp undanfarin ár. Þessi aldamótakynslöð, fædd eftir 1980, er að koma með miklum þunga inn á markaðinn. Meðalaldur hópsins hefur farið hækkandi og er nú 32 ár. Hann er þó lægri en víða í Evrópu og er í takt við þróun þar, hann er til dæmis 35 ár á Írlandi.“

Una bendir á að kaupmáttur

ungs fólks og Íslendinga hafi aldrei verið meiri. Það komi þó fram í skýrslunni að vísbendingar séu um að kaupmáttur launa haldi ekki í við hækkun fasteigna og þá sérstaklega ekki í Reykjavík. „Það er ástæða til að hafa áhyggjur af bólu myndun.“

„Það er ekki auðvelt fyrir ungt fólk að kaupa og hefur kannski aldrei verið það. Þess vegna er mikilvægt að sýna fyrirhyggju, nýta sér þau úrræði sem eru í boði, ekki síst úrræði sem ríkisstjórnin hefur sett fram með séreignasparnaðinn. Við sjáum líka að hjá því unga fólki sem er fyrstu kaupendur eru 35 til 40 prósent ekki byrjuð að spara,“ segir Una.

Hún segir að ungt fólk leiti í auknum mæli til byggða utan höfuðborgarsvæðisins út af því hvernig ástandið sé nú á fasteignamarkaði. „Að sjálfsögðu höfum við séð hækkun alls staðar í byggðinni í kringum okkur. Þess vegna er mikilvægt að byggingarverktakar hugi að minni og ódýrari eignum.“

Una segir erfitt að meta hve lengi núverandi ástand muni ríkja. „Það er verið að byggja og töluvert mikið í þáttum um landið. Það er spurning hvort það muni slá á þessa umframteftirspurn sem endurspeglar í háu verði.“

saeunn@frettabladid.is


## Vilja leigja túristum GPS-armbönd

**NÝSKÖPUN** Fjórir nemendur úr Háskólanum í Reykjavík vilja koma upp sjálfsöllum við helstu ferðamannastaði landsins þar sem ferðamönnum verður boðið að leigja armbönd. Armböndin verða útbúin GPS-búnaði og munu geta sent neyðarmerki til björgunarsveita.

„Okkur langar að efla fræðslu um hvað íslensk náttúra getur verið hverful. Þar sem margir hafa upplifað ýmsar hremmingar í náttúru Íslands teljum við þörf fyrir að tryggja öryggi túrista og Íslendinga betur. Ekki bara fyrir þá sem stunda útivist heldur líka fyrir þá sem ferðast almennt um landið,“ segir Jón Atli Tómasson, einn nemandanna.

Ásamt honum standa þau Óttar Ásbjörnsson, Herdis Rún Halldórsdóttir og Kristín Sóley Ingvarsdóttir að verkefninu.

Þá segir Jón Atli að armbandið



Óttar, Herdis, Jón Atli og Kristín. MYND/ADSEND

Íslensk náttúra getur verið hverful.

Jón Atli Tómasson, nemandi

muni koma til með að vera höggelt, vatnshelt og rykkelt til að þola íslenskt veður og náttúru. „Þessar stöðvar gera fólki mögulegt að leigja armbönd fyrir mjög högvært gjald.“

– þea

## HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ CURCUMIN?

Gullkryddið sem hefur reynt þúsundum landsmanna vel.

BLÁ NAGLINN

Í apríl mánuði renna 100 krónur af hverri seldri Curcumin dósi til stuðnings Bláa naglans



Curcumin „Gullkryddið“ er margfalt áhrifameira en Túrmerik!



„Eg mæli tvímálaust með vörum frá Natural Health Labs.“

Helga Lind – Pilateskennari og einkabjálfi



Bættiefnin innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaeftna.

Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.



Kynntu þér málið á [www.balsam.is](http://www.balsam.is)



# EINSTAKT TÆKIFÆRI TIL AÐ EIGNAST NÝJA ŠKODA OCTAVIU!



**ŠKODA**




## Sýningarbílar á frábærum kjörum

ŠKODA Octavia er einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gott rými og hagkvæmni í rekstri gera ŠKODA Octaviu að einum besta fjölskyldubílum á markaðnum. Nú bjóðum við nokkra sýningarbíla á frábærum kjörum eða með veglegum aukahlutapakka. Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

Komdu við í Skoda salnum við Laugaveg 174 og sölumenn taka vel á móti þér í samningastuði!

Verð frá aðeins:  
**3.350.000 kr.**

 HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



[www.skoda.is](http://www.skoda.is)





Zuma hefur víða verið mótmælt.  
NORDICPHOTOS/AFP

## Forsetinn baulaður niður af sviðinu

**SUÐUR-AFRÍKA** Mótmælendur bauluðu Jacob Zuma, forseta Suður-Afríku, niður af sviði þar sem hann hélt ræðu í borginni Bloemfontein í til efni af verkalyðsdeginum í gær. BBC greinir frá því að heyrta hafi mátt mótmælendur krefjast afsagnar forsetans. Þá kljádust stuðningsmenn forsetans einnig við mótmælendurna.

Cosatu, stærstu samtök verkalyðsfélaga þar í landi, fóru með formlegum hætti fram á afsögn forsetans í aprílmánuði. Var það gert í kjölfar þess að forsetinn rak Pravin Godhan, þáverandi fjármálaráðherra, í mars. Godhan var vel liðinn í heimalandinu. Leiddi brottrekstur hans til þess að lánshæfi ríkisins var lækkað niður í ruslflokk.

Cosatu höfðu mótmælt viðveru Zuma á baráttufundi gærdagsins.

Bandamenn forsetans hafa sagt að Zuma muni sitja á forsetastóli þar til kjörtímabili hans lýkur árið 2019.

News24 greinir frá því að mótmælendur í gær hafi meðal annars hrópað „Hafið þið heyrst góðu fréttirnar? Zuma er að fara!“ – þea

## Niðurstaða eftir áralangt þref



„Við töpuðum í réttarsalnum en borgin sat alltaf uppi með svartapéturinn. Salbjörg þurfti sífellt að flytjast á milli staða og bjó um skeið í ferðatösku. Loksins sýndi borgin manndóm og leysti málið,“ segir Atli Lýðsson. Atli hefur barist fyrir því í á sjötta ár að dóttir hans, Salbjörg Ósk, fái þjónustu frá borginni til að búa í eigin íbúð. „Við hefðum kosið að þurfa ekki að eyða tíma og orku í þetta en úr því sem komið er fögnum við lausninni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Danski matvæla- markaðurinn

Grand hótel Reykjavík | 4. maí | kl. 14-16

Íslandsstofa í samstarfi við Dansk-íslenska viðskiptaráðið býður til fundar um danska matvælamarkaðinn fimmtudaginn 4. maí, kl. 14 á Grand hótel.

### Útflutningur matvæla frá Íslandi – staðan í dag og þróun síðustu ára

Bryndís Eiríksdóttir, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu

**Danski smásölumarkaðurinn – tækifæri fyrir íslenskar vörur, áskoranir í flutningum og dreifileiðir**  
Gustaf Ólafsson rekur fyrirtækið Möllebakkens í Danmörku sem sérhæfir sig í sölu á fiski og íslenskum matvælum í Evrópu.

### Straumar og stefnur á danska matvælamarkaðinum frá sjónarhorni kaupanda á fyrirtækjamarkaði

Martin H. Zielke er stjórnukokkur frá Danmörku og eigandi fyrirtækisins Simply Cooking.

Fulltrúar fyrirtækja sem flytja út matvæli til Danmerkur segja frá reynslu sinni.

Nánari upplýsingar og skráning á vef Íslandsstofu, [www.islandsstofa.is](http://www.islandsstofa.is)



## Macron ýjar að Frexit

Liklegur næsti forseti Frakklands segir ESB þurfa að breytast, eigi Frakkar ekki að ganga úr sambandinu. Andstæðingur hans lofar þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu. Kosið er um nýjan forseta þann 7. maí næstkomandi.

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron, forsetaframbjóðandi En Marche! í Frakklandi, lýsti því yfir í gær í samtali við BBC að Evrópusambandið þyrfti að breytast. Annars væri hætt á því að Frakkar þyrftu að ganga úr sambandinu.

„Ég er hlynntur Evrópusamstarfi. Ég hef varið hugmyndina um sameiginlega stefnu Evrópu í þessari kosningabaráttu af því að ég trúi því að hún sé afar mikilvæg fyrir frönsku þjóðina,“ sagði Macron. Hann bætti því við að hann þyrfti þó að gera sér grein fyrir ástandinu, hlusta á þjóðina og taka mark á reidi hennar gagnvart raskaðri starfsemi ESB.

„Þess vegna trúi ég því, verði ég kosinn, að það verði á mína ábyrgð að sjá til þess að Evrópusambandið aðlagi sig breyttum tímum,“ sagði Macron. Hann myndi jafnframt líta á það sem svik af hálfu Evrópusambandsins ef það neitaði að breytast.

„Það vil ég ekki þurfa að gera. Af því að ef það gerist mun það þýða Frexit [útgöngu Frakka úr ESB] eða upprisu þjóðfylkingarinnar á ný.“

Andstæðingur Macrons í kosningabaráttunni er einmitt Marine Le Pen, frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar. Er hún andvíg Evrópusambandinu og hefur lofað þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu úr sambandinu, rétt eins og þeirri sem var haldin í Bretlandi síðasta sumar og endaði með því að Bretar kusu að ganga úr sambandinu.

Á baráttufundi í gær lýsti Le Pen sjálfri sér sem frambjóðanda breytingar, trúar og aðgerða. Macron væri sá sem Francois Hollande, fráfarandi forseti, myndi vilja í embætti.

„Macron er frambjóðandi ömurlegs og óbreytts ástands. Ástands sem hefur einkennst af því að störf fluttust úr landi og fyrirtæki hafa farið á hausinn,“ sagði Le Pen.



Emmanuel Macron, forsetaframbjóðandi En Marche!, þykir sigurstranglegur.  
NORDICPHOTOS/AFP

Macron er frambjóðandi ömurlegs og óbreytts ástands sem hefur einkennst af því að störf fluttust úr landi og fyrirtæki hafa farið á hausinn.

Marine Le Pen, forsetaframbjóðandi



Kosið er þann 7. maí næstkomandi og benda skoðanakannanir ekki til spennandi kosninganætur. Í meðaltali skoðanakannana sem BBC hefur tekið saman mælist Macron með sextíu prósentu fylgi en Le Pen fjórutíu. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

### Áhrif Frexit og Brexit í tölum

	<b>Evrópusambandið</b> Verg landsframleiðsla (VLF) 16.518.000.000.000 bandaríkjadalir Íbúar 510.056.011
	<b>Frakkland</b> VLF 2.420.000.000.000 bandaríkjadalir Íbúar 67.013.000
	<b>Bretland</b> VLF 2.650.000.000.000 bandaríkjadalir Íbúar 65.110.000
	<b>ESB án Breta og Frakka</b> VLF 11.448.000.000.000 bandaríkjadalir (69,3% af því sem áður var) Íbúar 377.933.011 (75,1% af því sem áður var)





# TAKTU SKREFIÐ

SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

## Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRÍÐUM  
HUGRÆNNA ATFERLISFRÆÐA

NÁM TIL LÖGGILDINGAR  
FASTEIGNA- OG SKIPASALA  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

ÖKUKENNARANÁM TIL ALMENNRA RÉTTINDA

## Á FRAMHALDSSTIGI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

SÉRFRÆÐINÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ  
FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEÐLÆKNA

## NÁMSLÍNUR ÁN EINGA

FJÁRMÁL OG REKSTUR  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

FORYSTA TIL FRAMFARA  
– LEIÐ STJÓRNENDA TIL AUKINS ÁRANGURS

HUGRÆN ATFERLISFRÆÐI FYRIR LÆKNA

HUGUR OG HEILBRIGÐI – GERÐU GOTT LÍF BETRA

STUÐNINGUR VIÐ EINSTAKLINGA ÚT FRÁ FJÖLSKYLDUSÝN

VIÐURKENNDUR BÓKARI  
*STAÐNÁM - FJARNÁM*

**KYNNINGARFUNDUR 23. MAÍ**  
**UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. JÚNÍ**

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR:

sími 525 4444  
ENDURMENNTUN.IS

  
ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



# Leitin er hafin að nýjum varaformanni

Nöfn tveggja ráðherra og eins þingmanns ber oftast á góma í vangaveltum um hver hreppi varaformannsembætti Sjálfstæðisflokksins. Guðlaugur Þór Þórðarson þykir í sterkri stöðu innan flokksins en með hann í embættinu væri forystan of einsleit. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir er langoftast nefnd sem næsti varaformaður og hún þykir í einstakri stöðu innan flokksins og utan hans.

Snærós  
Sindradóttir  
snaeros@frettabladid.is



**STJÓRN MÁL** Sjálfstæðisflokkurinn kys sér nýjan varaformann í haust. Um það eru engin áhöld. Ekki er komin tímasetning á landsfund flokksins en fyrir utan að vera upp-takturinn að kosningabaráttunni fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar verður tekist á um nýja forystu flokksins. Manninum í brúnni, Bjarna Benediktssyni, verður ekki haggðað.

Síðustu þrjár varaformenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið konur og margt bendir til þess að flokksmönnum þyki mikilvægt að forystan sé áfram nokkuð breið á þann veginn. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins á landsbyggðinni nefna margir að næsti varaformaður mætti gjarnan koma úr einu landsbyggðarkjördæmanna en staða Sjálfstæðisflokksins hefur frekar styrkst á landsbyggðinni.

## Höfuðborgin sterkari

Flokksmenn virðist þó engu skipta hvort formaður og varaformaður komi báðir af höfuðborgarsvæðinu. Varaformaður flokksins hefur komið frá höfuðborgarsvæðinu samfleytt síðan 1974, eða í 43 ár, þegar Magnús Jónsson frá Mel gegndi embættinu.

Síðasti formaður Sjálfstæðisflokksins til að koma frá landsbyggðarkjördæmi var Þorsteinn Pálsson en hann kom úr Suðurlandskjördæmi fyrir 26 árum. Næsti landsbyggðarkjörni formaður flokksins á

undan Þorsteini var Ólafur Thors, sem var frá Reykjanesi, og hætti árið 1961. Það er sem sagt lítil hefð fyrir því að kjörnir fulltrúar af landsbyggðinni eigi séns í forystusætin tvö.

Það eru ekki mörg nöfn í umræðunni um nýjan varaformann. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari og þingmaður flokksins, er formlega séð starfandi varaformaður eftir fráfall Ólafar Nordal í byrjun febrúar. Hennar nafn kemur reglulega fyrir í umræðunni um næsta mögulega varaformann. Hún er ung kona sem hefur risið hátt innan flokksins á til- tölulega skömmum tíma og sýndi í síðasta prófkjöri, svo ekki var um villst, að hún nýtur mikils stuðnings innan flokks. Áslaug segir í samtali við Fréttablaðið að ekki sé tímabært að velja næsta varaformanni, og þá mögulegu framböði, fyrir sér. Enn sé ekki komin dagsetning á landsfundinn og margir mánuðir til stefnu.

## Of einsleit forysta

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra er einnig sagður spennur fyrir embættinu. Hann dró til

baka framboð sitt til ritara flokksins á síðasta landsfundum þegar ljóst var að Áslaug byði sig fram í embættið. Staða



Guðlaugur Þór Þórðarson

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

# 43

ár eru síðan varaformaður Sjálfstæðisflokksins kom af landsbyggðinni.

hans er þó metin nokkuð sterk. Guðlaugur þykir ræktarsamur við sitt fólk, er allra manna duglegastur að láta sjá sig á viðburðum flokksins og vera í sterkum tengslum við flokksmenn. Allt það sem sterkir varaformenn gera. Það þykir þó ekki teljast Guðlaugi til tekna að vera á sama aldri og formaður flokksins. Andstæðingar hans nefna að með Guðlaug í broddi fylkingar yrði ásýnd flokksins of einsleit.

Heimildir Fréttablaðsins herma þó að hræringar og spenna innan hverfisfélaga Sjálfstæðisflokksins bendi til þess að verið sé að undirbúa jarðveginn fyrir Guðlaug. Oft megi merkja undirbúning prófkjöra og innri baráttu flokksins í hræringum í grunnfélögum flokksins. Þar séu ákveðnar blokkir farnar að gera sig meira gildandi en verið hefur og ljóst að áhuginn á starfinu sé meiri en gengur og gerist. Þó má ekki gleyma að sveitarstjórnarkosningarnar, eftir rúmum árum, eru einnig líklegar til að skapa spennu innan hverfisfélaganna. Staða borgarstjórnarflokksins þykir kalla á tafarlaugar breytingar.

## Tikkar í öll boxin

Nafn Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur iðnaðarráðherra ber allra nafna hæst, eins og staðan er í dag.



Nafn Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur er oftast nefnt í umræðu um næsta varaformann. Hún þykir heppilegur valkostur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þórdís virðist „tikka í öll boxin“ til þess að geta skapað sátt innan flokks sem utan. Meira að segja stuðningsmenn Guðlaugs Þórs, sem Fréttablaðið ræddi við, benda á að Þórdís sé óumdeild, ung kona sem gegnir mikilvægu ráðherraembætti. Hún komi frá Akranesi og miklu landbúnaðarkjördæmi og hafi því möguleika á sterkum tengslum við útgerðina og landbúnaðinn um leið og hún hófðar til ungs fólks, og ungra kvenna sérstaklega. Þórdís var jafnframt aðstoðarmaður Ólafar Nordal sem átti náid og gott samstarf við Bjarna Benediktsson. Staða hennar er óumdeilanlega sterk, sé tekið mið af því sem viðmælendur Fréttablaðsins segja.

Þórdís tekur í sama streng og

Áslaug. „Mér finnst ótímabært að velja þessu fyrir mér á þessum tímamarki. Ég veit ekki hvernig þetta teiknast upp.“

Varaformannsembætti flokksins er þó engin sjálfkrafa leið frekar upp á við innan flokksins. Bæði Hanna Birna Kristjánsdóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þurftu að hætta í embætti vegna hneyksli- mála og þrýstings innanflokks sem tengdist þeim. Á síðastliðnum 40 árum eru það einungis Geir H. Haarde og Davíð Oddsson sem hafa klifið úr embætti varaformanns í formanninn. Þeir Sjálfstæðismenn sem hafa gert sér framaplan fimmtán ár fram í tímann gætu því hugsað sig tvisvar um áður en þeir gefa kost á sér í embættið.

## Framsókn, Sjálfstæðismenn og Viðreisn fengu umfjöllun með auglýsingakaupum

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmiðlanefnd er með til athugunar hvort Hringbraut hafi brotið gegn reglum um hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni með umfjöllun sinni um stjórnmalaflokka í aðdraganda kosninga. Verði niðurstaðan sú að Hringbraut hafi farið á svig við reglur liggja sektir við brotunum.

Fyrir kosningar hafði Hringbraut samband við þá stjórnmalaflokka sem samkvæmt skoðanakönnunum þóttu líklegir til að ná manni inn á þing. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins stóð hverjum flokki til boða að framleiða fjóra þætti sem hver um sig yrði endursýndur tólf sinnum. Með þáttunum fylgdi auglýsingapakki, með 50% afslætti frá verðskrá Hringbrautar, á 450 þúsund krónum.

Fjölmiðlanefnd barst ábending vegna bréfs sem Hringbraut sendi til stjórnmalaafls sem bauð fram í þingkosningunum. Af því bréfi mátti ráða að Hringbraut myndi framleiða kynningarþætti fyrir þá flokka sem buðu fram í kosningunum ef keyptur yrði auglýsingapakki frá miðlum Hringbrautar.

Þrjár flokkar nýttu sér boðið. Framsóknarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn. Aðrir flokkar sem eiga fulltrúa á þingi höfnuðu því að taka þátt og minni framboðum var ekki gefinn kostur á því að taka þátt. Heimildir Fréttablaðsins herma að nokkuð hart hafi verið



Úr einum kosningaþætta Framsóknarflokksins. MYND/HRINGBRAUT

**Við seldum flokkunum ekki þættina heldur seldum við þeim auglýsingar.**

Guðmundur Örn Jóhannsson, sjónvarpsstjóri Hringbrautar



gengið á eftir þeim flokkum sem höfðu ekki áhuga og þeim meðal annars tjáð að þeir yrðu einu flokkarnir sem yrðu ekki með.

Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar, staðfestir að verið sé að kanna hugsanlegt brot Hringbrautar. Þeim flokkum sem nýttu sér boðið ekki var gefinn

kostur á að gefa upp hvort þeim hefði staðið slík þátttaka til boða. Að öðru leyti geti nefndin ekki tjáð sig um málið eða mögulega niðurstöðu þess.

„Við höfum sent nefndinni rökstuðning okkar og teljum okkur ekki hafa brotið neinar reglur,“ segir Guðmundur Örn Jóhannsson, sjónvarpsstjóri Hringbrautar. „Við seldum flokkunum ekki þættina heldur seldum við þeim auglýsingar. Síðan stóð þeim til boða að vera með sjónvarpsþátt líkt og tíðkast á ÍNN og N4.“

Aðspurður um hvort stöðin hafi boðið öllum framboðunum tólf þátttöku segir Guðmundur: „Við höfðum þetta ekki lýðræðislegt heldur byggðum við þetta á tölum.“  
johannoli@frettabladid.is

**VERKFAERI  
LAMPAR  
LJÓSAUPERUR  
LJÓS**

Komdu og gerðu  
betri kaup!

**OPÍÐ ALLA DAGA**  
Mán. til fös. kl. 9–18  
Laugard. kl. 10–16  
Sunnud. kl. 12–16

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Fylgdu okkur á Facebook



SNYRTI  
BUDDAN

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM 2.-4. MAÍ

Skráðu þig í glæsilegasta snyrtivörukulúbb  
landsins á [lyfogheilsa.is](http://lyfogheilsa.is)

BARE MINERALS BOBBI BROWN BIOTHERM CLARINS CHANEL  
ELISABETH ARDEN ESTÉE LAUDER GUERLAIN HELENA RUBIN-  
STEIN LANCOME SENSAI KANEBO YVES SAINT LAURENT GOSH  
L'ORÉAL MAYBELLINE MAX FACTOR ILMIR ORIGINS GLAM GLOW  
BIOEFFECT SKYN ICELAND BURT'S BEES OPI ESSIE RIMMEL SALLY  
HANSEN REAL TECHNIQUES NAGLAVÖRUR GERVIAUGNHÁR  
AUGNHÁRALITUR BRÚNKUKREM

 Lyf & heilsa  
Við hlustum!



# Heilsa til sölu



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

**B**jarni Benediktsson forsætisráðherra telur eðlilegt að einkafyrirtæki sem sinna heilbrigðisþjónustu á grundvelli samninga við ríkið greiði arð til hluthafa sinna ef þau skila hagnaði.

„Ef einkaaðilar geta veitt fólkinu í þessu landi jafngóða eða betri þjónustu fyrir sama verð fyrir skattgreiðandann og skilað einhverjum afgangi þá er það ekki vandamál fyrir mig,“ sagði Bjarni á Sprengisandi á Bylgjunni. Forsætisráðherra tók þennan málflutning lengra og bar þetta saman við það þegar verktakar sinna verkefnum í vegagerð á grundvelli samninga við ríkið. „Er ekki bara stórhættulegt að menn fái að malbika vegi og séu að stunda einhverja hagnaðarstarfsemi með því og greiði sér arð?“ sagði Bjarni.

Ríkisvaldinu er skylt samkvæmt stjórnarskránni að tryggja borgurinum heilbrigðisþjónustu. Um er að ræða svokölluð jákvæð mannréttindi sem fela í sér athafnaskyldu ríkisvaldsins og koma fram í 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig hefur ríkið ekki val um að veita þessa þjónustu og stjórnarskráin bindur hendur löggjafans í þessum efnum. Ljóst er að ríkið getur falið einkaaðilum að veita heilbrigðisþjónustu til að ná markmiðum ákvæðisins. Skyldan felst aðeins í því að þjónustan sé veitt. Þess vegna er staðan sú að talsverður hluti íslenska heilbrigðiskerfisins er rekinn af einkaaðilum í krafti samninga við ríkið. Hér má nefna ýmsar heilsugæslustöðvar, fyrirtæki í eigu sérfræðilækna og heilbrigðisfyrirtæki eins og Klinikina í Ármúla.

Gilda nákvæmlega sömu lögmál um heilbrigðisþjónustu og aðra þjónustu og verkefni sem ríkið kaupir af einkaaðilum? Vegagerðin gerir samninga við verktaka að loknu útbóði um að byggja tiltekið samgöngumannvirki fyrir ákveðið verð og verktakinn nýtur góðs af hagnaði sem myndast ef hann er útsjónarsamur og annast verkið fyrir lægri fjárhæð en undirliggjandi samningur hljóðar upp á. Ættu sömu lögmál að gilda um það þegar ríkið gerir samninga um rekstur heilsugæslustöðva og samninga um liðskiptiágerðir til að stytta biðlista á Landspítalanum? Gilda sömu sjónarmið um malbikun vegna og það þegar mannlífi er bjargað á sjúkrahúsi?

Ljóst er að þótt forsætisráðherra sjái engan mun á þessu tvennu er þetta ennþá feimnismál í hans flokki. Þegar flokksbróðir hans Kristján Þór Júlíusson gerði samninga sem heilbrigðisráðherra um rekstur þriggja nýrra heilsugæslustöðva á síðasta kjörtímabili var það sérstaklega tekið fram að nýjum rekstraraðilum væri bannað að greiða sér arð út úr rekstrinum. Það þótti ekki tilhlýðilegt. Í þessu sambandi má líka velja fyrir sér hvort arðgreiðslur sem renna í vasa lækna sem gera samninga við ríkið séu fjármunir sem hefðu annars nýst inni á Landspítalanum. Eða eru það kannski fjármunir sem hefðu bara tapast þar í slælegum rekstri spítalans og runnið í hitina?

Fyrir einhverja er það kannski einföldun að stilla málum svona upp. Það er samt sem áður siðferðilegt álitaefni hvort einstaklingar og lögaðilar eigi rétt á að hagnast fjárhagslega á grundvelli samninga sem ríkisvaldið gerir um kaup á heilbrigðisþjónustu.



**Gilda sömu sjónarmið um malbikun vegna og það þegar mannlífi er bjargað á sjúkrahúsi?**

Halldór



## Frá degi til dags

### Himnarnir grétu

Segja má að himnarnir hafi grátid yfir stöðu stéttabaráttu á Íslandi í gær, þegar 1. maí kröfugangan var gengin venju samkvæmt. Samkeppnin um verkalyððinn er greinilega orðin hörð á markaðnum, því tveir aðskildir kröfufundir fóru fram í miðborg höfuðborgarinnar í gær. Aðeins um hundrað metrar skildu sviðin tvö að. Gylfi Arnþjórnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, virðist ekki vera vinsælasta stúlkan á balli verkalyððsins um þessar mundir.

### Make Iceland great again

Á baráttufundinum sem haldinn var til höfuðs venjubundinni dagskrá 1. maí tóku til máls Ragnar Þór Ingólfsson, nýkjörinn formaður VR, Ellen Calmon, hjá Öryrkjabandalaginu, og Gunnar Smári Egilsson, sem stofnaði einmitt Sósíalístaflokkinn sinn í gær. Oddný Harðardóttir, þingkona Samfylkingarinnar og fyrrverandi formaður flokksins, gagnrýndi yfirskriftina á baráttufundinum: Við viljum samfélagið okkar aftur! og sagði hana minna sig óþægilega á slagorð Donalds Trump Bandaríkjaforseta: Make America great again. Klofningur á klofning ofan hefur verið einkenni vinstrivængsins á Íslandi í gegnum tíðina. Engin breyting er sjáanleg í þeim efnum. [olof@frettabladid.is](mailto:olof@frettabladid.is)

## Hin dýru íþróttafélög



Guðmundur Edgarsson  
malmenntafræðingur og kennari

**R**eglulega berast fréttir af foreldrum sem kvarta undan æ hærri kostnaði vegna íþróttaiðkunar barna sinna. Þá er gjarnan viðkvæðið að auka þurfi niðurgreiðslur til skipulegs íþróttastarfs enn frekar. En hvers vegna kosta íþróttir fjölskyldur landsins æ meira þrátt fyrir öll frístundakortin og síaukin fjárútlát skattgreiðenda?

### Styrkir auka kostnað

Skýringin er auðvitað sú að íþróttafélögin nýta niðurgreiðslurnar fremur í annað en að koma til móts við efna minni fjölskyldur. Peningarnir fara í æ glæsilegri aðstöðu og dýrari búnað auk rausnarlegru launagreiðslna til þjálfara. Í ofanálag koma kröfur um fleiri mót og dýrar keppnisferðir, ekki einungis innanlands heldur í síauknum mæli erlendis. Svo mikill myndarbragur er á öllum þessum mótum og ferðalögum að æ stórtækari niðurgreiðslur hrökkva skammt. Foreldrar eru því rúkaðir aukalega, oft um verulegar fjárhæðir. En er hægt að stemma stigu við þessari óheillaþróun?

### Gætum hófs og lækkum skatta

Svarið veltur á aðkomu Skattmann. Ef hin árangursdrifnu og útgjaldafreku íþróttafélög eru rekin eins og fyrirtæki á markaði er fátt sem mælir gegn því að þau verði æ öflugri og metnaðarfullri. Þau geta þá ekki sigað Skattmann á fólk til að borga lungann af kostnaðinum. Ef fólk er hins vegar nauðbeygt til að borga sífellt hærri skatta til að standa undir útpenslustefnu íþróttafélaganna og blautum draumum þeirra um frækin afrek og atvinnumennsku í útlöndum, gegnir öðru máli, ekki einungis út frá hagsmunum skattþindra heimila heldur einnig út frá lýðheilsusjónarmiðum. Ekki verður nefnilega séð að hið dýra, ofurskipulagða og afreksmiðaða íþróttastarf sé uppskrift að bættri heilsu ungmenna til langframa, ef marka má skuggalegar niðurstöður alþjóðlegra rannsókna um æ frjálsegra vaxtarlag landsmanna og óhóflegt pilluát þeirra. Því ætti að stefna að því að íþróttafélögin verði starfrækt í anda ungmennafélaganna þar sem áhersla er lögð á leik og gleði með langvarandi ástundun í huga fremur en hörku og meting. Samhliða ætti að draga úr sköttum og alögum á vinnandi fólk. Það eitt myndi bæta lýðheilsu þjóðarinnar svo um munaði.



**En hvers vegna kosta íþróttir fjölskyldur landsins æ meira þrátt fyrir öll frístundakortin og síaukin fjárútlát skattgreiðenda?**

**VINSÆLU STILLANLEGU RÚMIN FRÁ ERGOMOTION ERU KOMNIN AFTUR!**

ERGOMOTION RÚM  
MED AVIANA PRÝSTI, JÖFNUNAR-DÝNUM,  
TWÍSKIPTI HJÓNARÚM 160 EDA 180X200 CM.

**VERÐ FRÁ AÐEINS  
30.583 kr. Á MÁNUÐI\***  
STAÐGREITT 349.899 kr.

**rekkjan**  
HEILSURÚM

\*Miðað við 12 mánaða vaxtalöslun með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi



# Skortur á súrefni fyrir sjúklinga – erum við að kafna í góðærinu?



**Ólafur Baldursson**  
lungnalæknir,  
framkvæmda-  
stjóri lækninga,  
Landspítala

Súrefni er lífsnauðsynlegt. Það fyllir 21% andrúmsloftsins og líf okkar er háð því að lungun skili því nægilega vel út í blóðrásina. Hjarta- og æðakerfi sjá síðan um að flytja hið súrefnisríka blóð til líffæra, sem eiga það sameiginlegt að geta ekki starfað nema fá til sín súrefni með þessum hætti.

Mörg líffæri þola súrefnisskort aðeins í nokkrar mínútur og verða þá fyrir varanlegum skemmdum. Slíkar skemmdir í hjarta og heila geta leitt til skyndidaða. Vægur súrefnisskortur er hins vegar lúmskari því margir þola hann í skamman tíma án nokkurra einkenna, en standi hann í mánuði eða ár, truflar hann smám saman starfsemi líffæra, ekki síst hjartans. Slík hjartabilun hefur áhrif á önnur líffæri, sem þreystast vegna skorts á blóðflæði og súrefni, og lífslíkur versna. Þrátt fyrir að þetta séu gömul sannindi, þá gengur ekki

nægilega vel að tryggja þeim sem lifa við súrefnisskort viðeigandi súrefnisbúnað á því herrans ári 2017.

Langvinnir lungnasjúkdómar eru algengasta ástæðan fyrir hægfarena súrefnisskorti af þessu tagi. Við þær aðstæður þarf að gefa súrefni samfellt í a.m.k. 15 klst. á hverjum sólarhring, það bætir lífsgæði og lengir líf. Öðrum nægir súrefnismeðferð eingöngu að næturlagi, og enn öðrum eingöngu við áreynslu. Strangar reglur gilda um skömmtnun súrefnis, uppfylla þarf skilyrði ákveðinna mælinga til þess að fá það afhent, enda er kostnaður við súrefniskaup talsverður og eldhætta veruleg.

Árið 2016 þurftu 536 manns á langvinnri súrefnismeðferð að halda, konur voru í meirihluta og búsetan um allt land. Þjónustan við þennan hóp er almennt góð en það vantar mikið upp á framboð á hreyfanlegum súrefnisbúnaði. Gera má ráð fyrir að um 200 manns geti verið á ferðinni þrátt fyrir sjúkdóminn og fyrir þann hóp er hreyfing snar þáttur í meðferðinni, að ekki sé minnst á mikilvægi þess að brjótast út úr félagslegri einangrun. Því miður þurfa of margir að sætta sig við óhentuga og óþægilega kúta í stað þess að fá viðeigandi ferða-súrefnissíur, en aðeins 70 slíkar eru í



**Því miður þurfa of margir að sætta sig við óhentuga og óþægilega kúta í stað þess að fá viðeigandi ferða-súrefnissíur, en aðeins 70 slíkar eru í boði. Það vantar því um 130 tæki til þess að fylla þörfina.**

Virkilega fallega 2ja herbergja íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Húsið lítur vel út og sameign er í góðu standi. Skipulag: Andyri, herbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla á 1. hæð. Rúmgott stæði í bílageymslu með þvottaðstöðu og rúmgóðu skáplássu. Stutt í Leikskóla, skóla og verslanir. **32,5 millj.**

### Einbýlishús



#### Kaldakinn 26 - Hafnarfirði

Vandað steinsteypt einbýlishús á rólegum grónum stað ásamt viðbyggðum rómgóðum bílskúr - Stærð alls 182,0 fm. Þ.e. hús 146,5 og bílskúr 35,5 fm. Húsið er í góðu viðhaldi. Góð og vel hirt gróin lóð. Afhending við kaupsamning. **Verð: 60,0 millj.**

### 4ra-5 herbergja



#### Eskihlíð 16B - ein íbúð á hæð

**Opið hús þriðjudaginn 2. maí frá kl. 17:00-17:30.** Mikild endurnýjuð 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð við Eskihlíð, Reykjavík. Íbúðin er með aukaherbergi í risi. Aðeins fjórar íbúðir í stigahúsinu þ.e. ein íbúð á hverri hæð. Eign sem býður upp á marga möguleika. **Verð 49,8 millj**

### 3ja herbergja



#### Lindargata 33 m/bílageymslu

Glæsileg horníbúð, 3-4 herbergja á 4. hæð í lyftuhúsi með þaksvölum. Pakgarður með geymslu fylgir íbúðinni, einnig aðrar svalir. Stofur, sjónvarpsstofa, vinnuherbergi, hjónaherbergi og geymsla í kjallara. Gott stæði í bílageymslu fylgir. **Verð 94,9 millj.**

### 3ja herbergja



#### Tunguheiði 3ja herbergja - opið hús

**Opið hús miðvikudaginn 3. maí frá kl. 16:30-17:00.** Góð 2ja-3ja herbergja íbúð á efri hæð í fjórþýlishúsi við Tunguheiði. Góðar suð-vestursvalir og mikið útsýni. Bílastæði tilheyrandi íbúðinni er inn á lóðinni. Húsið er steniklætt að utan. Pak er yfirfarið og endurnýjað eftir þörfum árið 2010. **Verð 35,9 millj.**

### 3ja herbergja



#### Bogahlíð 2 - m/bílskýli

Hugguleg og vel staðsett 3ja herbergja íbúð á 1.hæð ásamt suðurverönd og stæði í lokaðri bílageymslu. Aðeins fjórar íbúðir í stigahúsi. Laus fljótlega, **Verð: 54,0 millj.**

### 3ja herbergja



#### Víðihvammur 24 - Kópav.

**Opið hús miðvikudaginn 3. maí frá kl. 17:00-17:30.** 3ja herbergja íbúð á efri hæð í nýlegu fjórþýlishúsi við Víðihvamm, Frábær og skjólgóð staðsetning við Kópavogsdalinn. Stutt í skóla og íþróttahús. Barnvænt umhverfi. Sér bílastæði á lóðinni. **34,9 millj.**





Skólavörðustígur - til sölu eða leigu

## Frábær staðsetning

Til leigu er 51 fm verslunarhúsnæði á jarðhæð við Skólavörðustíg 6b, 101 Reykjavík. Miklir möguleikar. Húsnæðið er laust nú þegar til afhendingar.



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**  
Löggiltur fasteignasali  
gudlaugur@eignamidlun.is  
864 5464



**Hilmar Þór Hafsteinsson**  
Löggiltur leigumiðlari  
hilmar@eignamidlun.is  
824 9098

**EIGNAMIDLUN**  
588 9090 • www.eignamidlun.is • Grensásvegi 11 • 108 Reykjavík



**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**  
SÍMI 533 4040

**kjoreign@kjoreign.is**

Opnunartími mán-fös kl. 9-17

Dan V.S. Wium hdl., lögg. fasteignasali

**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**  
**Dalbraut - Lyftuhús m/bílskýli**



Vel staðsett 3ja herb. íbúð á 4. hæð, efstu í lyftuhúsi ásamt sér stæði í upphitaðri bílageymslu. - Hugguleg íbúð með stórum svölum í suðvestur. Þvottahús innaf eldhúsi. Eignin er til afhendingar strax. **Ásett verð kr. 50,35 millj.** ÍBÚÐ FYRIR 55 ára og eldri í Samtökum aldraða.

**Snorrabraut 33A - 105 Rvk.**



Góð 2ja herbergja íbúð á 3. hæð, efstu í fjölbýli. Stærð 65,9 fm. Suður svalir. Staðsetning steinsnar frá Hlemmi. Laus í 1. júní. **Verð: 32,9 millj.**

Dan V.S. Wium hdl., og löggiltur fasteignasali

Ólafur Guðmundsson Sölustjóri, sími: 896 4090



**Kristján Baldursson**  
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari. S: 867-3040



**Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir**  
Lögræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. S: 779-1929



**Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir**  
Sölustjóri. Viðskiptafr., lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari. S: 899-5949



**Hákon Guðmundsson**  
Aðstoðarmaður fasteignasala. S: 861-9240



**Einar P. Pálsson**  
löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali S: 857-8392



**Guðbjörg Matthíasdóttir.**  
hdl. Sölufultrúi. Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. S: 899-3984



**Sólveig Regina Biard**  
Aðstoðarmaður fasteignasala S: 869-4879



**Bryndís Bára Eyjólfssdóttir**  
Sölufultrúi. Er í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. S: 616-8985



**Bára Danielsdóttir**  
Skrifstofustjóri S: 693-1837



**Gylfi Jens Gylfason**  
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. S: 822-5124



**Garðar Kjartansson**  
Aðstoðarmaður fasteignasala S: 853-9779

**VIÐ ERUM TRAUSTI**

## ÍÐAVELLIR 14B, 230 REYKJANESBÆR - REKSTUR OG HÚSNÆÐI



Vel staðsettur fullbúinn söluturn með mikla vaxtarmöguleika. Möguleiki er að kaupa bæði rekstur og húsnæði eða einungis rekstur.

Vel innréttað verslunarhúsnæði alls 249,5fm. með góðri vinnuaðstöðu. Grill í afgreiðslu, íssala, afstúkað spilakassasvæði og rúmgóður salur sem gefur möguleika á góðum fjölda sæta.

Mjög snyrtileg eign með góðu vinnusvæði á bakvið og afgreiðslusal.

Stutt frá Keflavíkurflugvelli og í nálægð við iðnaðarhverfi.

Tilboð óskast

## BJARNARSTÍGUR 9, 101 REYKJAVÍK



**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUDAGINN**  
**2. MAÍ KL. 17:30 - 18:00**

Björt og snyrtileg 38,6 fm. tveggja herbergja íbúð á 2. hæð við Bjarnarstíg í vel viðhöldnu snyrtilegu fjölbýli. Inngangur í íbúð er garðmegin. Góð eign í miðbæ Reykjavíkur.

Verð: 29,9 millj.

## SKIPASUND 54, 104 REYKJAVÍK



**OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN**  
**3.MAÍ KL. 17:30 - 18:00**

Vel staðsett 3ja herb. 65,4 fm íbúð í einu af rótgrónu hverfum Reykjavíkur. Eign sem býður upp á mikla möguleika. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla.

Verð: 24,9 millj.



# BÍLAR



- Útlit
- Aksturseiginleikar
- Sparneytni
- Pláss



- Afl í millihróðun



## Sýndi fimi í fjölmörgum akstursbrautum

Það sem Kia menn eru greinilega stoltastir af með þessa nýju kynslóð Rio eru aksturseiginleikarnir og þess vegna var sett upp mjög skemmtileg braut fyrir reynsluakstur bílsins þar sem þræddar voru keilur af mikilli fimi og á annarri braut var hann settur upp í 70 km hraða og þá bæði bremsað og beygt í einu frá hættu. Þarna sýndi bíllinn mikla hæfni og stöðugleika og það fyllti öku-mann öryggi við aksturinn. Þá var einnig sett upp braut sem var sú þrengsta sem greinarritari hefur reynt, eða nánast öngstræti þar sem oft þurfti að setja í bakkgír og henda bílnum fram og til baka án þess að rekast á keilur. Þarna var gaman að glíma við klukkuna og keppnisskapið gegn öðrum öku-mönnum. Kia virðist hafa lukkast vel við bæði fjöðrun og stýris-búnað nýs Rio. Stýringin er hárnákvæm og gefur öku-manni mikla tilfinningu fyrir veginum. Bíllinn er í senn stífur og étur ójöfnur vel og aldrei virðist skorta veggrip eða stöðugleika. Þessum gæðum þarf þó að fylgja eftir með góðum drifbúnaði og það er helst þar sem Kia klikkar í framboðinu á hinum ýmsu gerðum Rio.

## Mikið vélarframboð en meira afls óskað

Þó nokkurt vélaframboð er til staðar, ný 1,0 lítra og 100



## FIGURÐ

Fjórða kynslóð Rio slær þeim fyrri við í feegurð og skartar sterkari línur.

## AKSTURSEIGINLEIKAR

Það sem Kia-menn eru stoltastir af með nýjum Rio eru stórbættir aksturseiginleikar.

## INNRETTING

Mikil uppfærsla hefur orðið á innréttingu og búnaði og vel hugað að öllum tengingum.

hestafla bensínvél, 1,4 lítra gamla 100 hestafla bensínvél, 90 hestafla og 1,4 lítra dísilvél og 84 hestafla 1,25 lítra dísilvél. Skemmtilegust af þessum vélum er nýja 1,0 lítra vél og hún er býsna aflmikil þrátt fyrir lítið sprengirými. Stærri dísil-

vél in togar líka skemmtilega upp brekkurnar. Það á þó við þær allar að meira afls er saknað og á það einkum við þegar nota á millihróðun þeirra. Uptakið frá núllpunkti er nægilegt en þegar nota skal millihróðunina, t.d. við framúrakstur, er engin

þeirra nógu snörp og það eykur ekki á öryggi við aksturinn því hraður framúrakstur er öruggari en hægur. Vélarnar eru allar sparneytnar sem sást vel í reynsluakstrinum og lág mengunartala þeirra hjálpar til að halda verðinu niðri. Kia-menn segja að stífni Rio hafi aukist um 30% á milli kynslóða og mikið aukin notkun hástyrktarstáls á þátt í því. Það minnkaði líka vigt bílsins um 17 kíló, þrátt fyrir mikið aukinn búnað.

## Troðinn af tækni-búnaði og sniðugheitum

Mikil uppfærsla hefur orðið á innréttingu og búnaði í Rio. Vel er hugað að tengingum og tilkoma Apple CarPlay og Android Auto sem stjórnad er frá nýjum 7 tommu aðgerðaskjá er eitthvað sem nýir kaupendur munu fagna, sem og USB-tengi fyrir aftursætisfarþega. Innanrymið í Rio hefur aukist talsvert milli kynslóða, ekki síst með því að lengja á milli öxla bílsins. Það verður að segjast að ekki þrengi að neinum farþega bílsins, þó svo sem breiddin aftur í leyfi tæplega 3 fullorðna, en bæði höfuð- og fótarymi er gott. Gaman er að sjá staðalbúnað eins og hita í stýri, brekkuaðstöð, blindpunkt-sviðvörðun, „highbeam assist“ og þá tækni að bíllinn bremsar sjálfur við aðstöðjandi hættu ef öku-maður hefur ekki brugðist við í tæka tíð. Einn af stóru kostunum við nýjan Rio er hversu hljóðlátur hann er orðinn. Loftmótsstuðullinn hefur minnkað um 4% og vart vindgnaud að heyra, sem og veghljóð. Rio er afar góður kostur í B-stærðarflokki bíla. Kia-bílar einfaldlega bíla lítið, eru vel smíðaðir og ekki sakar að þeir eru allir með 7 ára ábyrgð.



# SUZUKI

# NOTAÐIR BÍLAR



**HONDA Jazz Elegance.** Skr. 05.2014, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.250.000.** Rnr.101430.



**SUZUKI Swift GL 4x4.** Skr. 06.2015, ekinn 43 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 2.190.000.** Rnr.101440.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL 2wd.** Skr. 12.2015, ekinn 6 Þ.KM, bensín, 5 girar. **Verð 3.150.000.** Rnr.101422.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL 4x4.** Skr. 10.2016, ekinn 7 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.890.000.** Rnr.101606.



**SUZUKI Grand Vitara Limited.** Skr. 01.2013, ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli. **Verð 3.380.000.** Rnr.101478.



**SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4.** Skr. 03.2013, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, dráttarbeisli. **Verð 3.250.000.** Rnr.101542.



**NISSAN X-Trail Elegance.** Skr. 05.2006, ekinn 168 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli. **Verð 990.000.** Rnr.101613.



**FORD Mondeo Titanium.** Skr. 06.2012, ekinn 68 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.980.000.** Rnr.101384.



**CHEVROLET Cruze.** Skr. 12.2014, ekinn 18 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 2.980.000.** Rnr.101404.



# SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**



# Golf í öllum myndum

Volkswagen Golf R er æðstur og grimmastur í stórrí fjölskyldu Golf-bíla. Hann var tekinn út með öll sín 310 hestöfl á braut á Mallorca um daginn.

Síðustu 40 ár hefur eintak af Volkswagen Golf selst á 40 sekúnda fresti í heiminum og á síðustu árum hafa selst yfir 1 milljón eintök af Golf á ári. Það gerir hann næstsöluhæstu eintöku bílgerð heims á eftir Toyota Corolla. Golf er orðinn miklu söluhærri bíll en Volkswagen-bjallan og hefur selst í um 34 milljón eintökum, en bjallan hefur selst í um 22 milljónum eintökum. Volkswagen Golf hefur frá upphafi höfðað til fjöldans og hann hefur ávallt verið fallega teiknaður bíll. Annað sem gerir Golf að svo vinsælum bíl er í hve mörgum útgáfum má fá hann og þeim hefur fjölgað mjög á síðustu árum.

## Villidýr í felubúningi

Volkswagen Golf fæst nú sem rafmagnsbíll, tengiltvinnbíll, sportbíll og nánast ofursportbíll í R-gerðinni, auk hefðbundinna aflminni bensín- og dísilknúinna gerða hans. Það voru einmitt þessar 4 gerðir bílsins sem blaðamönnum gafst tækifæri á að prófa á Miðjarðarhafseyjunni Mallorca á dögunum. Til taks voru Golf GTE tengiltvinnbíllinn, e-Golf rafmagnsbíllinn, Golf GTI sportbíllinn og svo hinn 310 hestafla Golf R, sem er ekkert annað en villidýr í felubúningi. Honum fengum við að kynna á frábærri akstursbraut sem finna má á eyjunni fögru. Það er eitthvað svo dásamlegt við það að aka Volkswagen Golf, sem í útliti er lítt frábrugðinn hefðbundnum Golf, en er samt 310 öskrandi hestöfl og því lík spyrnukerra sem þessi bíll er. Þessi R-gerð hans er lítlar 4,6 sekúndur í hundradíð og hljóðið sem úr honum kemur minnir hreinlega á fagurt hljóðið úr Porsche 911 Turbo S, þ.e. við inngjöf. Svona bíl er náttúrulega skemmtilegast að aka í braut og það var einmitt það sem þeir Volkswagen-menn buðu mannskapnum upp á.

## Lærdómskúrfa og mjúkt

Það skemmdi ekki gleðina að veðrið lék við hvurn sinn fingur, 20 stiga hiti og sól skein í heiði, kjörið veður fyrir kappakstur ef sólgleraugun voru til taks. Fyrirkomulagið við brautaraksturinn var á þá lund að fyrir lest þriggja bíla fór undanfari á sams konar bíl en í bílstjórasetinu



Volkswagen Golf GTE og e-Golf í röðum fyrir utan gististaðinn eftir fjörugan brautaraksturinn.



Brautarakstursins notið í botn og undanfarinn í bakgrunni.

þar var þáur reyndur kappakstursmaður sem kenndi þeim sem á eftir fóru aksturslínuna, hvar átti að byrja að bremsa og hvernig ekki átti að slást við bílinn, heldur taka eins mjúkt á stýringunni og kostur var. Þegar allar hans upplýsingar höfðu síast inn rann það upp fyrir flestum

hvernig best er að aka öflugum bíl í braut, fá sem mest úr honum og ná sem mestum hraða og það án þess að eyðileggja dekkinn eða ofbjóða bremsunum. Í lok nokkurra hringja hrinu var ávallt farinn einn og hálfur

hringur til að kæla bremsurnar og veitti vist ekki af.

## Gleði með Finnunum

Ákveðin heppni var fölginn í því að lenda með finnskum öikumönnum í hópi, en Finnar eru almennt mjög góðir öikumenn og því engir dragbítar í hópi. Það sanna finnskir öikumenn svo oft í rallakstri og Formúlu 1 keppnum og ófáir öikumenn þaðan hafa slegið í gegn í akstursíþróttum. Verra er að lenda í hópi t.d. með kinverskum öikumönnum sem hæglega, eða eiginlega alltaf, eyðileggja slíka annars frábæra akstursdaga með því að líkja eftir akstrinum í myndinni Driving miss Daisy. Þá fylkur stundum í suma. Þarna voru líka góðir öikumenn frá Danmörku og því sannkölluð Norðurlandgleði í brautinni góðu. Golf R fer hæglega í 250 km hraða en slíkur hraði næst ekki í þessari braut þó svo á lengsta kaflanum megi ná í hátt í 200 km hraða, en þá skal bremsað með öflugum hætti með þeim frábæru bremsum sem í þessum bíl er, auðvitað frá Brembo.

## Fyrir þá sem vilja ekki sýnast

Bílamir voru búnir hinni frábæru DSG sjálfskiptingu frá Volkswagen-bílafjölskyldunni. Þvílík upptaka sem í þessum bíl er, sem og millihröðun. Hann skortir aldrei afl og það er hreint fánlegt að hugsa til þess að vera að aka Golf. Þvílíkur bíll. Þeir sem geta hugsað sér að aka brjáluðu aksturstæki án þess að það sjáist svo vel í ytra útliti bílsins ættu að fá sér Golf R og það sem ennþá betra er, hann er ekki svo dýr bíll, kostar rétt ríflega 7 milljónir króna og er leit að öðrum bíl með slíku afli fyrir minna fé. Alls ekki verri kostur er að velja hann í langbaksútgáfu sem nú

» Til taks voru Golf GTE tengiltvinnbíllinn, e-Golf rafmagnsbíllinn, Golf GTI sportbíllinn og svo hinn 310 hestafla Golf R, sem er ekkert annað en villidýr í felubúningi.



Flott ljós

# Felgur.is

AXARHÖFÐA 16

5673322

LED Perur

Gæðavottaðar álfelgur sérfræðingar í felgum

FOLIATEC






**HONDA**  
The Power of Dreams

**Sjáumst.**

**Frumstýnum 6. maí.**



**CIVIC**

**Vertu meira til.**



www.honda.is

Frumstýnum nýjan og algjörlega endurhannaðan Honda Civic um helgina í glæsilegum sýningarsal okkar í Vatnagörðum. Hafðu hraðann á, komdu og reynsluaktu flottum bíl.



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum



## KOSTIR OG GALLAR

## JAGUAR F-PACE



- 3,0 lítra dísilvél
- 300 hestöfl
- Fjór hjóladrif

**Eyðsla** 6,0 l/100 km í bl. akstri  
**Mengun** 159 g/km CO2  
**Hröðun** 6,2 sek.  
**Hámarkshraði** 241 km/klst.  
**Verð frá** 9.790.000 kr.  
**Umboð** BL



- Vél
- Aksturseiginleikar
- Rými
- Verð



- Stíf fjöðrun á hraðahindrunum
- Innrétting

# Öskrandi villiköttur mættur

BL hefur hafið sölu á Jaguar-bílum og ber því að fagna. Jaguar F-Pace er fyrsti jeppi Jaguar og þar hefur lukkast vel enda þegar margverðlaunaður.

## Reynsluakstur

Finnur

Thorlacius

finnurth@365.is



Það er ekki slæmt þegar bíla-merkjunum fylgjar hér á landi að fá viðbót eins og Jaguar í flórana, en nú hefur BL hafið innflutning á Jaguar-bílum. Þetta teljast frábærar fréttir en í leiðinni rökrétt viðbót við bíla Land Rover þar sem Jaguar Land Rover er jú eini og sami bílaframleiðandinn. Í upphafi býður BL fólksbílana Jaguar XE og XF og jeppann F-Pace og má búast við því að jeppinn verði þeirra vinsælastur, en bílar í stærðarflokki XE og XF eru ekki söluháir hér um þessar mundir, en jeppar seljast eins og heitar lummur. Það var því rökrétt að taka út jeppann F-Pace en þessi nýi bíll rakar nú til sín verðlaunum og var t.d. nýverið kosinn bíll ársins á bilaverðlaunahátíðinni World Car Award í New York, auk þess að vera valinn best hannaði bíllinn á árinu. Það er ekki slæm viðurkenning fyrir frumraun Jaguar-manna í smíði jeppa. Fyrir það fyrsta eru fáir mjög ósammála þeim sem völdu hann fallegasta bílinn, en ytra útlit F-Pace gleður mjög augað og fríðar og sveigðar línur hans ljá honum bæði virðulegan og sportlegan svip í senn. Hann sver sig svo sannarlega í ætt við aðra Jaguar-bíla hvað grillið varðar og sjá má fleiri ættarsvipi, svo sem í afturljósunum.

## Geggið vél

Það að Jaguar skuli koma fram með jeppa loks núna má bæði telja tímabært en þó seint. Jaguar er alveg áratug á eftir að taka þátt í veislunni hvað sölu lúxusjeppa varðar, en þar hafa Porsche, BMW, Audi, Benz og Lexus makoð krókinn lengi og fleiri lúxusbílaframleiðendur eru að bætast í hópinn. Það jákvæða er þó að jeppapartíið stendur enn og enginn að lækka tónlistina í því partíi ennþá. Það endurspeglar í góðri sölu á Jaguar F-Pace nú strax er hann aðeins slítur barnsskónum. Það hefur þó með þær staðreyndir að gera að hann er ógnarfallgur og hefur fengið góða dóma hvað akstursgetu varðar. Það var staðfest í þessum reynsluakstri. Undir vélarhlífinni á reynsluakstur bílnum, sem reyndar taldi tvær útfærslur bílsins, var í báðum tilfellum 3,0 lítra dísilvél, 300 hestöfl og sú sprækasta slíka dísilvéla sem greinarritari hefur prófað. Þvílíkt afl. Hún togar eins og enginn sé morgundagurinn, en það gerist þó ekki alveg strax því talsvert hik er á því að allt afl hennar skili sér til hjólanna og fyrsta sekúndan, jafnvel á þá aðra er býsna róleg frá kyrrstöðu en svo byrjar fjörið og þá er sko gaman. Best er að vera á lullinu og gefa honum svo hressilega inn, þá er þessi bíll hrikalega snöggur og í ætt við hreinræktaða sportbíla. BL býður F-Pace aðeins með þessari vél í fyrstu en einnig



Jaguar F-Pace var valinn bíll ársins á bíla-sýningunni í New York um daginn og hann hlaut einnig verðlaunin fegursti bíllinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FALLEGUR

F-Pace er einn fallegasti jeppi sem sést hefur.

## SÆTI

Geggið sæti eru í bílnum, hvort sem er fram í eða aftur í.

## SKIPTING

Sjálfskiptingunni er stjórnað með snúningsnúðlikt og í Land Rover.



má fá hann með 180 eða 240 hestafla útgáfum með 2,0 lítra dísilvél, sem og 380 hestafla bensínvél.

## Stíf og sportleg fjöðrun

Það er ekki bara þessi þrusuvél sem gerir aksturinn skemmtilegan á F-Pace. Stíf og sportleg fjöðrun hans leyfir öðrum að fara svipuðum höndum um hann og sportbíl, það er hægt að svinkeyra hann í beygjum og hringtorgum og þess var notið í hvívetna. Hliðarhallinn í beygjum er svo litill að vart er hægt að trúa því að um jeppa sé að ræða. Einn er þó ókosturinn, en hann er sá að stíf fjöðrunin gerir hann að smá skopparakringlu þegar farið er yfir mýrargar hraðahindranir höfuðborgarsvæðisins. Þar nýtur hann sín ekki, en svo til alls staðar annars staðar. Stýringin er létt

og nákvæm og það gerir bílinn aðeins meðfærilegri og betri þó sumir myndu kannski kjósa meiri stífni þar. Það hjálpar aksturs-hæfninni að þyngdar-dreifingin er jöfn á milli öxla og úr verður svakalegt aksturstæki. F-Pace má fá í fjórum útfærslum, Pure, Portfolio, Prestige og R-Sport og voru Prestige og R-Sport útfærslurnar prófaðar. Ekki fannst tilfinnanlegur munur á bílunum þó svo sætin í R-Sport hafi verið fallegri og með flottara áklæði. Í þeim báðum má stilla fjöðrunina og skemmtilegast er þá að stilla á Dynamic Mode, en síður í rólegum akstri og ef farið er yfir hraðahindranir.



Það er ekki bara þrusuvélin sem gerir aksturinn skemmtilegan. Stíf og sportleg fjöðrun hans leyfir öðrum að fara svipuðum höndum um hann og sportbíl.

## Innréttingin slær úr lúxustilfinningunni

Annað sem hjálpar vel upp á aksturshæfnina er hve léttur F-Pace er, enda yfirbyggingin smíðuð að 80% hluta úr áli. Enn einn kosturinn við F-Pace er hve rúmt er í aftursætum hans og lítið mál fyrir stærri einstaklinga að koma sér þar vel fyrir og auk þess er skottrými ágætt. Það kemur hins vegar á óvart að efnisvalið í innréttingu F-Pace er alls ekki af vönduðustu gerð og kemur mikil plastnotkun nokkuð á óvart, sem og hönnunin, sem erfið er að setja í efstu hillu hvað innréttingar í lúxusbílum áhrærir. Allt litur þó smekklega út og er skilvirkt en hönnunin og efnisvalið er ekki efni til húrrahrópa og lúxustilfinninguna skortir aðeins og á nokkuð land í samanburði við t.d. innréttinguna í Porsche Cayenne. Hafa skal þó í huga að verð F-Pace er afar samkeppnisfært, en hann fæst frá 7.490.000 krónum, en þá með 2,0 lítra dísilvél, 180 hestafla. Öðrastur er F-Pace með 3,0 lítra og 300 hestafla dísilvélinni á 9.790.000 krónum og er hann aðeins 6,2 sekúndur í hundruði. Með F-Pace er kominn frábær valkostur fyrir þá sem velja sér lúxusjeppa og ekki ætti verðið að hræða og það þó um sé að ræða bíl frá Jaguar.





**RENAULT**  
Passion for life

Renault Clio

# ÍSLANDSMEISTARINN Í SPARAKSTRI



KOMDU OG REYNSLUAKTU RENAULT CLIO  
Í NÝRRI OG SPENNANDI ÚTFÆRSLU

**DÍSIL, ELDSNEYTISNOTKUN FRÁ 3,4 L/100 KM\***

Það er kominn nýr Renault Clio með vandaðri innréttingu og nýju, spennandi útliti. Komdu og reynsluaktu Íslandsmeistarannum í sparakstri 2017 í nýrri spennandi útgáfu og þú kemst að raun um að þú kemst víðar og tankar sjaldnar á nýjum Renault Clio.

**VERÐ FRÁ: 2.090.000 KR.**



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR  
Á RENAULT“

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bilasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bilasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



Útbudsgjafi þessa á mynd er íbúnaðs- og atvikaábyrgðing.



KOSTIR OG GALLAR  
FORD KUGA

- 2,0 lítra dísilvél
- 150 hestöfl
- Fjór hjóladrif

**Eyðsla** 5,4 l/100 km í bl. akstri  
**Mengun** 134 g/km CO2  
**Hröðun** 10,1 sek.  
**Hámarkshraði** 195 km/klst.  
**Verð frá** 4.790.000 kr.  
**Umboð** Brimborg

- ▲ Vél
- Staðalbúnaður
- Útsýni
- Þægileg fjöðrun

- ▼ Skottrými
- Innrétting
- Skortir sportlega eiginleika

# Vel búin og öflug Ford Kuga

Önnur kynslóð Ford Kuga hefur fengið andlitslyftingu og er hreinlega troðin af búnaði. Bíllinn er með spræka dísilvél og fágaða aksturseiginleika.

## Reynsluakstur

Finnur  
Thorlacius  
finnurth@365.is



Nú eru tímar jepplinganna og eins gott fyrir bílaframleiðendur að tefla fram góðu útspili, helst í fleirtölu, í þeim söluháa flokki bíla. Ford Kuga af núverandi kynslóð kom fyrst á markað árið 2012 en er nú kominn með andlitslyftingu. Kuga kom fyrst á markað árið 2008 og er því af annarri kynslóð. Ford Kuga hefur það með sér að vera torfærhæfari bíll en margir af þeim jepplingum sem streymt hafa nýir á markað að undanförunu og er það vel fyrir íslenskar aðstæður. Brimborg selur Kuga aðallega með dísilvélum, 120, 150 og 180 hestafla, og var reynsluakstursbíllinn með 150 hestafla vélinni, fjór hjóladrifinn og með sjálfskiptingu. Þannig búinn kostar hann 5.690.000 kr. en ódýrastan má fá Kuga á 4.790.000 kr. með aflminnstu dísilvélinni og beinskiptan í Trend-útgáfu. Kuga hefur útlitslega staðist tímans tönn og telst hinn laglegasti bíll þó svo hönnun hans teljist seint djörf, en nokkuð klassísk.

## Hlaðinn bíll

Það telst Kuga til mikilla tekna hversu vel hann er búinn staðalbúnaði. Má þar nefna skynvætt tölvustýrt fjór hjóladrif sem lagar sig að undirlagi og ástandi vega, Ford SYNC 3 raddstýrt samskiptakerfi hannað af Microsoft með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, íslenskt leiðsögukerfi, 8" snertiskjá í miðjustokk, 4,2" TFT litaskjá í mælaborði, tvískipta tölvustýrða miðstöð með loftkælingu og 17" álfelgur. Þá er einnig í bílnum hraðastillir, aksturstölva, brekkuaðstoð, LED-lýsing í farþegarými, leðurklætt stýrishjól og gírstangarhnúður, rafstillanlegir og upphitanlegir útspeglar og þokuljós. Kuga skartar líka framúrskarandi öryggisbúnaði og hefur fengið 5 stjörnur í öryggisprófunum Euro NCAP. Hann er með árekstrarvörn, veglínuskynjara, umferðarskiptalesara, öikumannsvaka og sjálfvirka lækun háa geisla ef bíll kemur á móti. Í staðalbúnaði Kuga er einnig Ford SYNC3 samskiptakerfið með Bluetooth og neyðarhringingu og með raddstýringu getur ökumaður hringt símtöl og stjórnað tónlistinni. Það verður því ekki kvartað undan tæknihliðinni í þessum bíl.

## Sprækari vél en hestaflafjöldinn segir

Það verður að segjast að akstur Ford Kuga er einkar ánægjulegur og ljúfur og einhvern veginn fer bíllinn mjög vel með mann. Mjög snörp 150 hestafla dísilvél virkaði mun sprækari en hestaflatalan bendir til. Reyndar hélt ég í fyrstu að sá sem afhenti mér bílnum hefði ruglast á vélarbúnaðinn og þarna færi sá með öflugustu dísilvélina. Hvernig skyldi þá vera að aka honum ef þessi er svona sprækur? Í



Ford Kuga má fá á 4.790.000 kr. í sinni ódýraru útfærslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



## ANDLITSLYFTING

Núverandi kynslóð Kuga er frá árinu 2012 en hann hefur nú fengið góða andlitslyftingu.

## FRAMFARIR

Innréttingin í Kuga hefur tekið talsverðum framförum.

## SKOTTRÝMI

Skottrými er ágætt en þó stærra í mörgum samkeppnisbílum hans.

» Mjög snörp 150 hestafla dísilvél virkaði mun sprækari en hestaflatalan bendir til. Kuga má fá með 120, 150 og 180 hestafla dísilvélum og allar eru þær furðu sprækur.



reynsluakstrinum reyndist bíllinn vera með 8,9 lítra á hverja 100 km, en uppgefin eyðsla hans er 5,4 lítrar. Ekki mjög nærri þeirri tölu en hafa verður í huga að svo til allur reynsluaksturinn fór fram innan bæjarmarkanna og ekki var bíllinn heldur sparaður til átakanna. Alveg viðunandi eyðsla miðað við aðstæður. Sérstaklega var tekið eftir hve öikumannssætið var gott og auðvelt að koma sér vel fyrir og stuðningur góður. Aksturs-eiginleikar Kuga eru alveg með ágætum þó það finnist nýrri gerðir

af jepplingum sem teljast meiri fimleikabílar í átakaakstri, með sportlegri fjöðrun og minni hliðarhalla. Fjöðrun bílsins er greinilega sett upp fyrir þægilegan akstur, en ekki mikil átök og fyrir flesta telst það kostur. Slaglengd fjöðrunar er góð og hann étur vel upp allar ójöfnur og það kunna flestir að meta umfram minni hliðarhalla og sportlega stífni.

## Mikið verðbil

Hljóðeinangrun bílsins er með hreinum ágætum og lítið heyrst

í dísilvélinni. Sjálfskiptingunni þarf líka að hrósa en með henni virðist bíllinn alltaf í réttum gir og hámarkar afl fráberrar vélarinnar. Gott útsýni er út um bílnum og rýmið fyrir aftursætisfarþega er gott, en flestir samkeppnisbílar Kuga slá honum við í skottrými. Innréttingin í Kuga hefur tekið talsverðum framförum með þessari andlitslyftingu, en er þó enn á eftir sumum nýrri samkeppnisbílum sínum. Full ástæða er til að mæla með þessari 150 hestafla dísilútgáfu bílsins og mun Kuga vafalaust seljast best

með henni, en ef klifrað er upp í 180 hestafla útgáfuna þarf að punga út hálfri milljón til viðbótar, þó svo fleira fáið með þeirri viðbót. Fyrir þá sem ekki sjá fyrir sér að nota mikið torfærueiginleika bílsins má líka spara sér hressilega með því að taka bílnum aðeins með framhjóladrifi og sætta sig við 120 hestafla 1,5 lítra dísilvél, en með því sparast 900.000 kr. Ford Kuga á nokkra erfiða samkeppnisbíla, t.d. Nissan Qashqai, Honda CR-V, Volkswagen Tiguan og Mazda CX-5, en stendur samt ágætlega í verðsamamburði.





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# HLJÓMANDI GÓÐUR AURIS

á sérstöku tilboðsverði í apríl



Verðlistaverð frá:  
Auris – 2.970.000 kr.  
Auris Hybrid – 3.290.000 kr.

Einnig fylgja 40.000 Vildarpunktar Icelandair með öllum Auris út apríl.



## NÚ ER LAG AÐ STÖKKVA Á AURIS

Við blásum í lúðra í tilefni af því að hinn sparneytni Auris er á sérstöku tilboðsverði í apríl. Jafnframt fylgja **fjórfaldir Vildarpunktar** með öllum Auris. Ef þú vilt finna gleðina í liprum akstri, skaltu bruna til næsta viðurkennda söluaðila og nýta þér þetta sértíloboð. Núna er tíminn.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

## VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.





Innan Volkswagen Group bílasamstæðunnar leynast mörg merki.

## Volkswagen með 28% aukinn hagnað

Volkswagen er aldeilis að rétta úr kútnum eftir vandræðin sem dísilvélasvindl fyrirtækisins sköp því. Það sést berlega með síðustu tölum frá fyrsta ársfjórðungi ársins en hann skilaði 28% meiri hagnaði en fyrir ári og skilaði VW 522 milljörðum króna í vasann. Þessi hagnaður nú er helst tilkominn vegna bættis rekstrar Volkswagen-merkisins sjálfs, mikillar sölu Volkswagen bíla í Vestur-Evrópu og mikillar sölu nýrrar kynslóðar VW Tiguan jepplingsins. Kostnaðurur við rekstur hefur einnig lækkað. Vel gekk einnig hjá systurmerkjunum Audi og Skoda og með góðu framlagi allra systurmerkjana er búist við milli 6 og 7% hagnaði af sölu í heild á þessu ári. Þessar góðu tölur frá Volkswagen eru talsvert betri en sérfræðingar höfðu spáð og líklegar til að hækka hlutabréfa-verð í Volkswagen Group bílasamstæðunni.



Bílasala er með ágætum á Spáni, sem og í öðrum Evrópulöndum.

## Rífandi bílasala í Evrópu á fyrsta ársfjórðungi

Fyrsti ársfjórðungur ársins hefur verið bílaframleiðendum gjöfull í Evrópu, en salan hefur verið 8,4% meiri en í fyrra á þessum fyrstu 3 mánuðum ársins. Í mars var hún 11,2% meiri en í sama mánuði í fyrra, hún var 10,2% meiri í janúar og 2,2% meiri í febrúar. Mars í ár sló fyrra met í sölu bíla í þeim mánuði frá upphafi. Hafa verður í huga að vegna þess að páskarnir í ár voru í apríl var afar góð sala í mars nú með færri frídögum og að sama skapi má búast við minni vexti í bílasölu í apríl. Öll fimm stærstu bílakaupalönd álfunnar sáu ágætan vöxt í mars. Mestur var hann þó á Ítalíu en þar jókst salan um 18,2%, 12,6% á Spáni, 11,4% í Þýskalandi, 8,4% í Bretlandi og 7,0% í Frakklandi. Ef fyrstu 3 mánuðirnir eru skoðaðir saman hefur mestur vöxtur orðið á Ítalíu, eða 11,9%, en 7,9% á Spáni, 6,7% í Þýskalandi, 6,2% í Bretlandi og 4,8% í Frakklandi. Alls seldust 4.141.269 bílar á fyrstu 3 mánuðum ársins í álfunni. Þessar tölur sýna að vinda í öðrum löndum Evrópu er enn meiri vöxtur en á þessum lykilmörkuðum álfunna, meðal annars á Íslandi.

## Volvo með smáa S20 og XC20 á þróunum

Nú þegar Volvo er að kynna nýja XC60 og XC40 bíla er Volvo einnig að huga að næstu nýju gerðum bíla fyrirtækisins. Líklegast er að þar muni fara tveir smáir bílar sem bæru stafina S20 og XC20, annar folksbíll og hinn jepplingur. Þessir bílar verða kynntir eftir fáein ár og hefur það verið staðfest hjá Volvo. Þessir S20 og XC20 bílar verða smæstu framleiðslubílar Volvo, en núna eru 40-bílar Volvo þær smæstu. Þessir S20 og XC20 bílar yrðu ætlaðir á alla helstu bílamerkaði heims, meðal annars í Bandaríkjunum. Volvo ætlar að minnsta kosti ekki í fyrstu að bjóða V20 langbaksgerð eða stall-

bak af 20-bílunum, hvað sem síðar verður. Helstu samkeppnisbílar S20 og XC20 yrðu bílar eins og BMW X1, Mercedes Benz GLA og Audi Q2 en allir falla þeir í lúxusbíla-flokk. Nær öruggt má telja að Volvo muni bjóða S20 og XC20 sem tengiltvinnbíla og jafnvel rafmagnsbíla, auk bíla með hefðbundnum brunavélum. Volvo hefur engin áform um að bjóða nýja coupé eða blæjubíla, líkt og fyrirtækið var þekkt fyrir áður, en sala slíkra bíla hefur verið á undanhaldi í heiminum á síðustu misserum og Volvo ætlar ekki að leggja í fjárfestingar á þróun þess háttar bíla og tapa á því.



Líða fer einnig að komu nýs Volvo 40.

### FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI.

# RÉTTU SUMARDEKKIN!

Dekkin eru eini snertiflötur bílsins við veginn og öryggisatriði sem getur skipt sköpum á öllum árstímum. Nú er réttur tími til að láta fagmenn smella sumardekkjum undir bílinn.

Tangarhöfði 15  
110 Reykjavík  
590 2045

Fiskislóð 30  
101 Reykjavík  
561 4110

Grjótháls 10  
110 Reykjavík  
561 4210

Lyngási 8  
210 Garðabæ  
565 8600

Njarðarbraut 9  
260 Reykjanesbæ  
420 3333

**NESDEKK**  
nesdekk.is | 561 4200



# Magnesium er staðalbúnaður

Magnesiummólur og -flögur frá Better You hafa reynst einstaklega vel fyrir fólk á öllum aldri. Þær eru m.a. notaðar til að lina þreytuverki, krampa og strengi. Magnesium Recovery hefur slegið í gegn hjá afreksíþróttafólki.

**M**agnesium er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesiumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Magnesium er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri heilsu vöðva og beina, vökvafjafnvægi og stjórnun á tauga- og vöðvasamdrætti. Upptaka á þessu steinefni í gegnum húðina hefur reynst einstaklega vel,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfari hjá Artasan.

## Líkaminn tekur efnið nánast samstundis upp

Valgerður Guðsteinsdóttir er 31 árs atvinnuboxari og einlægur aðandi magnesium-vörulinnunnar frá Better You.

„Ég er búin að nota magnesiumspreyjin í nokkra mánuði með góðum árangri. Mér finnst ótrúlega gott að nota Magnesium Goodnight fyrir svefninn, sérstaklega eftir erilsaman dag og eins ef ég æfi nálægt svefntíma því þá hjálpar það mér að róa vöðvana. Þetta er líka orðin svo notaleg kvöldvenja sem hjálpar líkamanum að undirbúa sig fyrir svefn og slökun. Ég geri aukalega vel við mig af og til og leggst í heitt bad með magnesium-baðsaltinu, það er dásamleg slökun. Ég æfi sex daga vikunnar, venjulega oftast en einu sinni á dag, svo endurheimt er mér mjög dýrmæt. Magnesiumspreyjin hjálpa mér þar mjög mikið og ég get bætt við nýjum og meira krefjandi æfingum án þess að finna mikið fyrir því. Ég byrjaði til dæmis að lyfta lóðum fyrir nokkrum vikum og man þegar ég tók þunga réttstöðuæfingu í fyrsta skiptið. Ég sprejjaði Magnesium Recovery á mjóbakid og læri í upphitun og svo á bakid á milli setta. Ég var mjög hissa daginn eftir að finna nær ekkert fyrir þessari nýju og kröftugu æfingu.

Það er greinilegt að líkaminn tekur þetta efni strax upp, ég á það til að stífna upp á miðri æfingu en nú get ég sprejjað á fæturna



þegar ég finn að það er að gerast og áhrifin láta ekki á sér standa. Ég er mjög spennt að prófa mig áfram með það. Mér finnst líka frábært að manneskja eins og ég, sem er með næringuna í toppstandi, hvíli vel og æfi skynsamlega, finni svona góð áhrif af þessu.

Goodnight sprejið á nú sinn stað á náttborðinu og Recovery sprejið er orðið staðalbúnaður í æfingartöskunni. Ég er líka með brúsa í

veskinu, ávallt reiðu-búin.“

## Allt að 80% með magnesiumskort

Við fáum magnesium úr ýmsum matvælum en samt sem áður er það mjög algengt að fólk skorti

Valgerður er búin að nota magnesiumspreyjin í nokkra mánuði með góðum árangri.

Það er greinilegt að líkaminn tekur þetta efni strax upp en ég er farin að sprejja á fæturna á miðri boxæfingu þegar ég finn að ég er að stífna upp.

Valgerður Guðsteinsdóttir, atvinnuboxari

steinefnið og t.d. er talið að allt að 80% Bandaríkjamanna skorti það. Næringarsnaður jarðvegur sem nýttur er til ræktunar, lélegt/rangt mataræði, óhófleg áfengis- og koffíneysla, ýmis lyf og mikil streita er meðal þess sem veldur skorti og svo skolest steinefni líka út þegar við svitnum.

Magnesiumskortur getur verið undirliggjandi orsök ýmissa sjúkdóma en einkenni skorts eru margvísleg.

- Þróttleysi
- Lystarleysi
- Þreyta
- Ógleði
- Svefnleysi
- Kvíði
- Mígreni
- Vöðvakrampar og sinadrættir
- Dofi / tilfinningaleysi
- Náladofi
- Hjartsláttartruflanir
- Skapsveiflur
- Magnesiumspreyjin frá Better You fá gæðastimpil

Magnesium Original og Recovery hafa hlotið fjölmargar viðurkningar fyrir mikil gæði og nú hefur það síðarnefnda fengið vottun frá Informed Sport, en það er stofnun sem tekur bætiefni og prófar reglulega gegn bönnuðum efnum og kannar hreinleika. Fjölmörg íþróttasamtök mæla með því að íþróttafólk velji aðeins bætiefni sem bera þennan gæðastimpil.

Söluastaðir: Flest apótek, Fræið Fjarðarkaup & Heilsutorg Blómavali



**DLUX** Pregnancy er blanda af vítamínum sem henta ófrískum konum sérstaklega vel. Það inniheldur D-vítamín, Fólínsýru, B- og K-vítamín.

Upptaka gegnum slímhúð í munnnum tryggir að efnin skila sér út í blóðrásina og því er þetta sérlega góð lausn fyrir konur sem þjást af morgunógleði og uppköstum.

## MEÐ FERSKJU- OG MANGÓBRAGÐI!

Dagsskammtur er fjórir úðar og innihalda þeir samtals: B12 6 mcg • D3 400 AE • Fólínsýra 400 mcg • Selen 75 mcg • B1 1,1 mg • B2 1,4 mg • K1 75 mcg • Biotin (B7) 50 mcg • Joð 150 mcg • B5 (Pantothenic acid) 6 mg • B6 1,2 mg • A 600 AE • B3 (Niacin) 8 mg • C 20 mg



**MultiVit** fjölvítamínið frá BetterYou inniheldur öll helstu vítamín og steinefni sem auka á heilbrigði okkar og efla ónæmiskerfið.

Með munnúðanum fáum við 14 nauðsynleg næringarefni beint inni blóðrásina en upptaka gegnum slímhúð í munnnum tryggir hámarksupptöku.

## MEÐ GRAPEBRAGÐI!

Dagsskammtur er fimm úðar og innihalda þeir samtals: D-vítamín 1000 AE • Fólínsýru 400 mcg • B12 6 mcg • 100% af ráðlögðum dagsskammti af K, B1 og B6.

Söluastaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana



# Smáauglýsingar

512 5000


Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrjú litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
[suzuki@suzuki.is](mailto:suzuki@suzuki.is)  
[Suzuki.is / suzukisport.is](http://Suzuki.is / suzukisport.is)



## KRÓKUR

### ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

## Hjólbarðar



### NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) flytja@flytja.is

## Pípulagnir

### PÍPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Húsviðhald

### Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
[golflist@golflist.is](mailto:golflist@golflist.is)  
[www.golflist.is](http://www.golflist.is)



## Spádómar



Spái í spil. Tímabantanir. S. 891 8727  
Stella. Geymið auglýsinguna

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

### KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar  
Laugavegi 61 Jón & Óskar

[jonogoskar.is](http://jonogoskar.is) s.552-4910

## Heilsa

## Nudd

### TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 [www.tantrateemple.is](http://www.tantrateemple.is)

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

[www.talentrading.is](http://www.talentrading.is)



TALENT  
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

[talent@talentrading.is](mailto:talent@talentrading.is)  
[bryndis@talentrading.is](mailto:bryndis@talentrading.is)  
Sími: 552-1600

# Frjókorn?



Tilboð  
í apríl kr  
**25.990**  
(áður 33.547)




## Baðviftur

Hljóðlátu baðvifturnar



## Þakblásari



## Rör-fittings

Rör og fittings fyrir loftræstikerfi  
Plast eða blikk



Svissnesku lofthreinsitækin draga úr frjókornum inni.

**ishúsið** **viftur.is**  
-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



**Skólar & Námskeið**

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**Tómstundir & Ferðir**

**Fyrir veiðimenn**



Barnavöðlur í st.20-42 4 litir í boði Belti og poki fylgir hverjum vöðlum Verð 7.900 kr Besta verðið !! Veiðiþortið Grandagarði 3 552-9940

**Húsnæði**

**Húsnæði í boði**

Til leigu 180 fermetra raðhús með bílskúr í Seljahverfinu stutt frá Seljaskóla í langtímaleigu. Leiga er kr. 340.000 á mánuði. Greiða þarf 2 mánuði í tryggingu. Leigutaki greiðir fyrir hita og rafmagn. Óskað er eftir sakavottorði, meðmælum frá fyrri leigusöllum og upplýsingum um atvinnu. Áhugasamir sendið fyrirspurnir á leiga17@outlook.com

**Geymslúhúsnæði**

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**  
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**Atvinna**

**Atvinna í boði**

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu. Viðkomandi verður að vera með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

**Atvinna óskast**

Smíður óskar eftir vinnu. Hef mikið verði í viðhaldsvinnu. Uppl. í s. 690 6943.

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

**Húsnæði óskast**

**Ártúnsholt / Árbær**

Hjón með þrjú börn óska eftir einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110, Ártúnsholt / Árbær. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á: **sendtohelgi@gmail.com**

**Fundir**

**Aðalfundur Farfugla**

Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn mánudaginn 16. maí n.k. kl. 20.00 í Farfuglaheimilinu í Laugardal, Sundlaugavegi 34. Venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar



Stjórnin.



Búmenn hsf  
Húsnæðisfélag  
Akralind 4  
201 Kópavogi  
Sími 552 5644  
bumenn@bumenn.is  
www.bumenn.is

**Aðalfundur**

**Kópavogsdeildar Búanna 2017**

